



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. febrúar 2007 — 49. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR

### Þetta er hneyksli

Einar Bárðarson sendir Páli Óskari og Ellý tóninn fyrir brottrekstur Sigga úr X-Factor.

FÓLK 30

### Leikhúsið er list leikarans

Breski leikhópurinn Cheek by Jowl er á leiðinni til Íslands með spánýja uppfærslu af Cymbeline eftir Shakespeare.

MENNING 21

### Stórstjörnur á Pétur Gaut í London

Gael García Bernal, Nick Cave og Jonathan Pryce á gestalistanum.


FÓLK 30

### Mikilvægt hjá meisturunum

Íslandsmeistarar Fram unnu gríðarlega mikilvægan sigur á Fylki í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG



**VINDASAMT** - Í dag verður yfirleitt stíf austan átt, 10-20 m/s sunnan og vestan til, annars nokkuð hægari. Rigning eða skúrir en úrkomulaust á Norður- og Norðvesturlandi. Hiti 2-9 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

### Garðkúlar á braut

Þeim er hægt að snúa á móti sól eða undan vindi



### Garðskálar á braut

hægt að opna yfir pallinum hvar sem er, 3 einingar ráðast hver undir aðra



**JÓN BERGSSON EHF.**  
Kletthálsi 15 110 Rvk S: 588 8886  
www.JonBergsson.is

## Furða sig á viðbrögðunum

Scott Hjorleifsson, gestur á klámráðstefnu, segist hneykslaður á ummælum yfirvalda um samkomuna. Fulltrúar fyrirtækja sem tengjast atburðinum segja ekki þeirra hlutverk að taka siðferðislega afstöðu í málinu.

**FÉLAGSMÁL** „Ég er stórhneykslaður á viðbrögðum íslenskra yfirvalda við þessari samkomu,“ segir Scott Hjorleifsson, einn gesta á ráðstefnu um klámefni sem fram fer í Reykjavík í næsta mánuði. „Í fyrsta skipti á ævinni skammast ég mín fyrir að hafa íslenskt blóð í æðum mínum.“

Scott rekur klámvefinn [www.sleazydream.com](http://www.sleazydream.com), sem er ein af 1.500 mest sóttu síðum á internetinu samkvæmt vefmælinga-

fyrirtækinu Alexa. Hann ólst upp í Gimli í Kanada og er Vestur-Íslendingur.

Fréttablaðinu hefur borist yfirlýsing frá einum aðstandanda ráðstefnunnar, Christinu Pong, þar sem hún lýsir undrun sinni á þeim viðbrögðum sem samkom-an hefur fengið. Hún leggur áherslu á að í ferðinni verði engin klámfengin hegðun á almanna-færi.

HRÖNN GREIPSDÓTTIR, hótél-

stjóri á Radisson SAS, þar sem ráðstefnugestir gista, segir ekki venju að yfirheyrja gesti um hvað þeir geri og hver sé tilgangurinn með ferð þeirra. Ef eitthvað ólög-mætt sé á ferðinni sé það í hönd-um yfirvalda, það sé ekki hlut-verk hótelsins að taka siðferðislega afstöðu í þessu máli.

Erna Hauksdóttir, fram-kvæmdastjóri Samtaka ferða-þjónustunnar, tekur undir orð

Hrannar. „Það er ekki verið að yfirheyrja fólk og spyrja hvað það ætlar sér að gera á landinu, og sem stendur virðist óljóst hvað það verður nákvæmlega. Það er ekki ólöglegt að panta sér ráð-stefnusal og tala saman.“

„Það þarf að vera mjög góð ástæða til að banna fólki að koma til landsins,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair. „Það er því afskaplega lítið sem við getum gert.“

- sps / sjá síðu 6



**BOLLA BOLLA BOLLA** Gabriela Karmen Albertsdóttir, starfsmaður hjá Reyni bakara, vann hörðum höndum að bollugerð þegar ljósmyndari heimsótti hana í gær, enda bolludagur í dag. Þá úða landsmenn í sig bollum með súkkulaði, sultu og rjóma. Síðurinn barst hingað til lands seint á nítjándu öld frá Danmörku og hefur haldist hér æ síðan, en nafnið er alislenskt.

FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Undanfarin ár hefur harðar verið tekið á kynferðisbrotum gegn börnum:

## Kynferðisbrotadómar þyngjast

**DÓMSMÁL** Dómar fyrir kynferðisbrot gegn börnum hafa þyngst undanfarin ár. Í málaferlum er einnig meira lítið til þeirra alvarlegu afleiðinga sem kynferðisofbeldi veldur börnum heldur en áður hefur verið gert.

Nýleg mildun Hæstaréttar á dómi héraðsdóms yfir manni sem sakfelldur var fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum og fyrir vörslu barnakláms hefur mikið verið rætt og skrifað um. Dómurinn var stytur úr tveimur árum í átján mánuði.

Svala Ólafsdóttir, lögfræðingur og kennari við lagadeild HR, segir að tvennt þurfi að hafa í huga varðandi þá umræðu sem



SVALA ÓLAFSDÓTTIR



ATLI GÍSLASON

kviknaði í kjölfar dómsins. Í fyrsta lagi hafi hann verið í þyngra lagi miðað við sambærilega dóma þar sem málsatvik eru svipuð, og í öðru lagi liggi nú þegar fyrir frumvarp um breytingar á kynferðisbrotakafla

almennra hegningarlaga. Atli Gíslason lögfræðingur segir að líta megi á frumvarpið sem svar við kalli almennings um að refsingar í slíkum málum beri að herða enn frekar en nú er.

Hann gagnrýnir þó að þær breytingar gerist ekki nægilega hratt og bendir á að dómar fyrir fíkniefnabrot hafi þyngst mun hraðar, en það hafi Hæstiréttur sjálfur tekið ákvörðun um. Slíkt eigi einnig að vera mögulegt í kynferðisbrotamálum, sérstaklega þeim sem snúi að börnum. Hann telur að refsiramminn sé langt frá því að vera nægilega nýttur í þessum málum.

- sps/kdk / sjá síðu 12

Stærsta vísindafélag heims:

## Loftslagsbreytingar eru ógn

**BANDARÍKIN, AP** Heimsins fjölmennasta vísindafélag, hið bandaríska AAAS, bætist í gær í hóp málsmetandi vísindastofnana í heiminum sem lýsa áhyggjum af loftslagsbreytingum af manna-völdum.

Í einróma ályktun sem samþykkt var af stjórn félagsins eru hlýnun loftslags kölluð „vaxandi samfélagsógn“. Samþykktin var gerð í framhaldi af nýjustu loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna.

- aa

Nýtt ráð gegn ölvunarakstri:

## Talandi þvagskál

**BANDARÍKIN** Yfirvöld í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum hafa brugðið á nýstárlegt ráð til þess að koma í veg fyrir að menn aki undir áhrifum áfengis. Á börum og veitingastöðum hefur verið komið fyrir þvagskálum sem vara karlmenn við þeim hættum sem fylgja ölvunarakstri. Þetta segir á vef Yahoo! News.

Seiðandi kvenrödd sér um aðvaranirnar, en fimm hundruð talandi þvagskálur eru í ríkinu. „Framtíðin er í þínu höndum,“ eru lokaorð hennar.

- sps



## Nám styrkir stoðir

Auglýst er eftir umsækjendum um styrki til viðbótarnáms á sviði húsgagna- og innréttingasmíði en frestur rennur út 1. mars nk.



FÉLAG HÚSGAGNA- OG INNRÉTTINGAFRAMLÉIÐENDA

SI

Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is)

SHARP®

Pioneer

VEGGSJÓNVÖRP  
Glæsilegt úrval!

SAMSUNG

LOEWE.

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT

[www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)



SPURNING DAGSINS



Ellert, viltu ekki bara hafa Guðna úti á Kanarí?

„Jú, alveg endilega.“

Ellert B. Schram, varaþingmaður Samfylkingarinnar, sagðist á dögnum mjög ánægður með fundi Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra um lífeyrismál á Kanaríeyjum. Hann segist vona að Guðni fari sem oftast þangað.

## Frumvarp í danska þinginu: Fóstureyðing heimiluð án leyfis foreldra

**DANMÖRK** Danskar stúlkur á aldrinum 15 til 18 ára munu geta farið í fóstureyðingu án vitundar foreldra sinna, nái frumvarp fram að ganga sem vinstriflokkurinn SF hefur lagt fram með stuðningi Jafnaðarmannaflokksins og miðflokksins Radikale Venstre. Nyhedsavisen greinir frá þessu á vef sínum.

Ungt fólk má stunda kynlíf og kaupa getnaðarvarnir án vitundar foreldra sinna og því ætti það sama að eiga við um fóstureyðingar tjáði Kamal Qureshi, þingmaður SF, dagblaðinu Urban.

Hægriflokkurinn Venstre, sem er stærsti flokkurinn á danska þinginu og fer fyrir ríkisstjórninni, er á móti frumvarpinu á þeim grundvelli að unglingsstúlkur séu of ungar til að taka svo stóra siðfræðilega ákvörðun. - sðg

## Bæjarstjórn Ísafjarðar: Höfnin þjóni Grænlandingum

**ÍSAFJÖRÐUR** Bæjarstjórnin vill efla Ísafjarðarhöfn sem þjónustumiðstöð fyrir Austur-Grænland. Í tillögu kemur fram að kannaðir verði möguleikar á því að umskipunarhöfn fyrir siglingar í norðurhöfum verði staðsett á Vestfjörðum. Einnig er vísað til tillögu þingsályktunar sem liggur fyrir á Alþingi um þjónustu fyrir útgerð og siglingar í norðurhöfum.

Þessi tillaga í-listans um aukin umsvif og þjónustu Ísafjarðarhafna var samþykkt samhljóða á bæjarstjórnarfundum á Ísafirði á dögnum. Atvinnumálanefnd bæjarins telur mikilvægt að strandsiglingar verði hafnar að nýju um landið. - sþs

BÍLL DAGSINS

HONDA CR-V

Nýskr. 01.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 45 þús. km. - Allt að 100% lán.

Verð 2.130.000.-



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Barack Obama biðlar til blökkumanna og annarra kjósenda:

# Tilbúnir fyrir svartan forseta

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama, sem sækist eftir framboði til forseta Bandaríkjanna fyrir Demókrataflokkinn, lýsti því yfir um helgina að kjósendur væru tilbúnir til að kjósa sér forseta úr röðum blökkumanna.

Obama var með þessu að svara ummælum áhrifamikils blökkumannapingsmanns á ríkisþingi Suður-Karolínu, Roberts Ford, um að Obama gæti ekki hlotið kosningu til forseta á næsta ári.

„Við hver einustu tímamót í sögu okkar hefur einhver sagt: „við getum þetta ekki“,“ sagði Obama á kosningafundi að viðstöddum hátt í 2.000 manns, sem



**STAPPAR STÁLI** „Við getum það!“ sagði Obama á baráttufundi með blökkumönnum í Suður-Karolínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ykkar, orku, þátttöku, fylgi og hugmyndir, þá er ég hér til að segja ykkur: „já við getum það!“,” sagði hann og uppskar mikil fagnadarlæti fyrir.

Ford, sem gegndi lykilhlutverki við að safna atkvæðum svartra íbúa Suður-Karolínu við forsetaframboð Johns Edwards fyrrverandi ríkisstjóra árið 2004, hefur lýst því yfir að hann styðji Hillary Rodham Clinton til framboðs fyrir flokkinn í næstu forsetakosningum. Hann segir Obama of reynslulítinn stjórnámámann til að gera sér raunhæfar vonir um að geta náð kjöri til forseta.

- aa

# Tuttugu ára vinna eyðilögð í Heiðmörk

Trjálundur kvennadeildar Kiwanis-samtakanna orðinn að drullu. Félagið ætlar að leita réttar síns. Telja eyðilegginguna óþarflega mikla. Framkvæmdastjóri Klæðningar segir raskið ekki óeðlilega mikið, miðað við stærð verksins.

**UMHVERFISMÁL** Tuttugu ára gamall lundur Sinawik-kvenna, kvennadeildar Kiwanis-samtakanna, gjöreyðilagðist þegar Kópavogsbær og Klæðning ehf. hófu að leggja vatnslögn gegnum Heiðmörk.

„Þetta er alveg skelfilegt. Hann er að mestu ónýtur lundurinn,“ segir Dagný Heiða Vilhjálmstöttir, formaður Sinawik-félagsins í Reykjavík. „Það er búið að ryðja í gegnum gömul staðileg greintré og nú er hér því lík drulla og varla hægt að ganga um herna. Þeir hafa enga tilfinningu fyrir náttúrunni, þessir menn.“

Dagný segir að Sinawik-félagið muni leita réttar síns á næstu dögum: „Það snýst ekki um peninga heldur eru þetta gleðistundir og samvinna sem þarna var rutt niður.“

Hjálmar Hlöðversson, umdæmisstjóri hjá Kiwanis-samtökunum, tekur í sama streng og segir að búið sé að „slátra landinu með stórvirkum vinnuvélum og sturta malarhlössum yfir“.

Að mati Hjálmars hefur verktakinn gengið fullharkalega fram við verkið. „Þetta er skelfileg umgengni. Þeir hafa rífið allt of mikið í kringum sig og hefðu ekki þurft að eyðileggja svona mikið.“

Sigbór Ari Sigbórsson, framkvæmdastjóri Klæðningar ehf., segir að markmið fyrirtækisins sé ávallt að skemma sem minnst og starfa í sem bestu samráði við verkkaupa, sem í þessu tilfelli er Kópavogsbær.

Hann segir ekkert ámælisvert við framkvæmd verksins, að því



**Lundur Sinawik-samtakanna** Skelfileg sjón blasti við félögum Sinawik-samtakanna í Heiðmörk í gær. Samtökin hyggjast leita réttar síns á næstu dögum. Umdæmisstjóri Kiwanis segir að búið sé að slátra landinu. MYND/HJÁLMAR HLÖÐVERSSON

„Þetta er alveg skelfilegt. Hann er að mestu ónýtur lundurinn.“

**DAGNÝ HEIÐA VILHJÁLMSDÓTTIR** FORMAÐUR SINAWIK Í REYKJAVÍK

er lýtur að Klæðningu ehf. „Það var ekki óeðlilega mikið rask af þessum framkvæmdum, miðað við það sem hefur verið gert þarna og mun verða gert. Við höfum mikla reynslu í að vinna á viðkvæmum svæðum og þarna var reyndur maður á ferð.“

Sigbór tekur fram að verkið hafi fyrirtækið fengið í opnu útboði í fyrra. „Framkvæmdirnar hófust síðan í byrjun janúar og það hefði vissulega verið skemmtilegra að fá athugasemdir fyrr.“

Vignir Sigurðsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur, segir það „bull og vitleysu“ sem Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri sagði í Fréttablaðinu í gær um að Kópavogsbær hafi farið yfir framkvæmdina með Skógræktarfélaginu.

„Þetta er algjörlega rangt og hann ætti að vita betur. Það var ekkert samráð haft við félagið,“ segir Vignir og rifjar upp að hafa farið í „óformlega vettvangsferð“ fyrir nokkrum árum upp í Heiðmörk með verkfræðingum frá Hönnun. Þá hafi hann lagt til aðra leið en síðan var farin. Hann hafi einnig tekið skýrt fram að þetta væri persónuleg skoðun hans, en ekki Skógræktarfélags Reykjavíkur.

klemens@frettabladid.is

Norskir ellilífeyrisþegar: Æ fleiri þiggja lífeyri erlendis

**NOREGUR** Yfir 41.000 norskir ellilífeyrisþegar hafa flutt úr landi og þiggja samtals andvirði um 33 milljarða íslenskra króna árlega úr norskum lífeyrissjóðum. Frá þessu er greint á fréttavef Aftenposten.

Athygli vekur að norskum lífeyrisþegum sem flutt hafa til grannlandsins Svíþjóðar hefur stórfjöldgað á síðustu árum og eru nú um 14.000. Lægra verðlag á húsnæði og nauðsynjum kvað lokka svo marga austur yfir landamærin, auk þess sem þar sé auðveldara að reka erindi hjá hinu opinbera. Annars eru stærstu hópar lífeyrisþeganna á Spáni og í Taílandi.

- aa



**ÚTSKURÐUR** Taílenkar konur á Austfjörðum skáru út glæsileg listaverk úr melónu sem heilluðu gesti hátíðarinnar upp úr skónum. MYND/GUNNAR GUNNARSSON

## Húsfullir á Fáskrúðsfirði: Þjóðahátíðin vekur lukku

**FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR** Húsfullir var í Skrúði, félagsheimilinu á Fáskrúðsfirði, í gær þegar þjóðahátíð var haldin þar í fyrsta sinn. Fulltrúar tíu þjóða tóku þátt í hátíðarhöldunum.

Markmið hátíðarinnar er að kynna menningu þeirra þjóðarbrotta sem búa á Austurlandi en hátíðin á sér fyrirmynd á Vestfjörðum og höfuðborgarsvæðinu að sögn Kristínar Örne Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra hátíðarinnar.

Austfirðingar voru yfir sig hrifnir af hátíðinni sem að sögn Kristínar hefur nú fest sig í sessi meðal heimamanna og verður haldin árlega eftirleiðis.

- rh

## ÍRAK

**Tilræði bana tugum**

Að minnsta kosti 63 manns fórust og enn fleiri særðust í sprengjutilræðum í Bagdad í gær, að mestu í hverfi sjá. Var þetta fyrsta stórárás skæruliða í borginni frá því yfirvöld efndu til stórátaks til að bæta öryggi í borginni.

## LÖGREGLUFRÉTT

**Átján ára ölvaður við akstur**

Átján ára ökuamaður missti stjórn á bíl sínum og hafnaði utan vegar á Krossanesbraut á Akureyri aðfaranótt sunnudags. Hann var fluttur á sjúkrahús, en bíllinn er mikið skemmdur eftir slysið. Pilturinn er grunaður um ölvun við akstur.

Matsnefnd eignarnámsbóta reiknar Vatnsendabónða 50 milljóna aukapóknun:

# Telja ábúanda á Vatnsenda fá átta milljarða við eignarnám

**EIGNARNÁM** „Fullvíst má telja að verðmæti sátta-gerðarinnar sé á bilinu 6.500 til 8.000 milljónir fyrir eignarnámsþola,“ segir matsnefnd eignarnámsbóta sem staðfest hefur sátt í eignarnámsmáli á Vatnsenda.

Eins komið hefur fram sömdu ábúandinn á Vatnsenda, Þorsteinn Hjaltested, og Kópavogsbær um að viðskipti með 863 hektara úr Vatnsendajörðinni færu í gegn um matsnefnd eignarnámsbóta þar sem ákvæði erfðaskrár leyfa ekki sölu jarðarinnar. Fyrir landið greiðir Kópavogsbær 2.250 milljónir króna auk þess sem Þorsteinn heldur eftir byggingarlóðum. Kópavogsbær skipuleggur lóðirnar og sér um gatnagerð Þorsteini að kostnaðarlausu. Þennan samning metur eignarnámsnefndin sem sagt á 6,5 til 8 milljarða króna fyrir Þorstein.

Auk framangreinds á Kópavogsbær að borga Þorsteini 50 milljónir króna vegna umstangs í kring um söluna. Eignarnámsnefndin segir erfitt að ákveða hversu mikið vinnuframlag eigi að reikna Þorsteini



**VATNSENDI** Ábúandinn fær 50 milljónir í kostnað ofan á kaupverðið og hundruð byggingarlóða. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

og segist því einfaldlega miða við stærð viðskiptanna.

Þar sem Kópavogsbær og Þorsteinn Hjaltested voru tilbúnir með sátt fundaði matsnefnd eignarnámsbóta aðeins tvisvar um Vatnsendamálið. Fyrir þá vinnu á Kópavogsbær að greiða 600 þúsund krónur.

- gar





9001910192019301940195019601970198019902000201020202030204

# Er öldrun úreld í nútímasamfélagi?

Ráðstefna um ný viðhorf og róttæka stefnumótun í málefnum aldraðra, haldin í Háskólanum í Reykjavík 22. & 23. feb. 2007

Reykjavíkurborg, Háskólinn í Reykjavík og Álaborgarháskóli standa fyrir ráðstefnu um öldrun, rannsóknir, viðhorf, tækifæri og stefnumótun

Dagskrá: Fimmtudagur 22. febrúar: Niðurstöður vísindarannsókna → Nýjar forsendur

- 08.30 Skráning
- 09.00 Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri:  
Setning ráðstefnunnar
- 09.10 Elhanan Goldberg, prófessor í taugafræði við New York University School of Medicine og framkv.stjóri við Institute of Neuropsychology and Cognitive Performance, New York:  
Kosturinn við að eldast: Máttur hins þroskaða heila
- 10.00 Kaffihlé
- 10.20 Lawrence J. Whalley, prófessor í geðheilbrigðisfræðum við háskólann í Aberdeen:  
Öldrun er ekki lengur sjálfgefin
- 11.10 Einar B. Baldursson, dósent í vinnusálfræði við Álaborgarháskóla:  
Seinkun öldrunar – Að njóta ágóðans
- 11.40 Ásgeir R. Helgason, dósent í sálfræði við Karolinska Institutet í Svíþjóð og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík, stýrir umræðum
- 12.00 Lok fyrri hluta ráðstefnunnar

Ath: Á fimmtudeginum fara fyrirlestrar og umræður fram á ensku.

Föstudagur 23. febrúar: Nýjar forsendur → Ný tækifæri

- 08.30 Skráning
- 09.00 Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Talnakönnunar:  
Tekjur, skattar og lífeyrismál:  
Koma aldraðir inn á vinnumarkaðinn af nýjum krafti?
- 09.30 Einar B. Baldursson, dósent við Álaborgarháskóla:  
Ný sýn:  
Öflugt fólk á besta aldri  
Samspil öldrunar, heilbrigðiskerfis og vinnumarkaðar
- 10.10 Kaffihlé
- 10.30 Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður:  
Stefnumótun og framtíðarsýn í málefnum aldraðra
- 10.40 Jórunn Frímannsdóttir, formaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar:  
Stefna Reykjavíkurborgar: Tækifærin framundan
- 10.50 Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár-Almennra:  
Framtíðarsýn tryggingafélags um þjónustu við aldraða
- 11.05 Björn Leifsson, World Class:  
Andleg og líkamleg heilsurækt þeirra sem vilja taka ábyrgð sjálfum sér fram eftir öllum aldri
- 11.20 Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík:  
Fullorðnun nútímasamfélagsins - hvað þarf að breytast?
- 11.35 Guðfinna S. Bjarnadóttir, ráðstefnustjóri, samantekt
- 12.00 Ráðstefnulok.

Bakhjarlar:



Skráning hjá Guðrúnu Elvu  
í síma 599-6310 eða á netfanginu  
gudrunej@ru.is  
Ráðstefnugjald 2.000 kr.  
Kaffiveitingar innifaldar.



| GENGIÐ 16.02.2007                                                                 |                 |           |        |
|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------------|-----------|--------|
| GJALDMÍÐLAR                                                                       |                 | KAUP SALA |        |
|  | Bandaríkjadalur | 67,18     | 67,5   |
|  | Sterlingspund   | 130,91    | 131,55 |
|  | Evra            | 88,12     | 88,62  |
|  | Dönsk króna     | 11,82     | 11,89  |
|  | Norsk króna     | 10,952    | 11,016 |
|  | Sænsk króna     | 9,508     | 9,564  |
|  | Japanskt jen    | 0,5625    | 0,5657 |
|                                                                                   |                 |           |        |
| SDR                                                                               |                 | 100,72    | 101,32 |
|                                                                                   |                 |           |        |
| GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR                                                         |                 | 120,7878  |        |
| HEIMILD: Seðlabanki Íslands                                                       |                 |           |        |

## Forseti Íslands í Silfri Egils: Þjóðin hlynnt synjunarvaldi

**STJÓRNMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson telur að yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga sé hlynntur því að forsetinn hafi áfram synjunarvald. Forsetinn sagði í þættinum Silfri Egils í gær að völd fari gjarnan í taugarnar á þeim sem ekki hafa þau. Menn skyldu þó hafa hugfast að á Íslandi sé valdið hjá þjóðinni, en ekki þinginu. Þetta sé grundvöllur íslenskrar stjórnskipunar. Ólafur sagðist einnig telja að ákvörðun hans um að neita að staðfesta fjölmiðlafrumvarpið á sínum tíma hafi verið rétt. - kóp

## Dæmd í sjö mánaða fangelsi: Með hálft kíló af amfetamíni

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri var á föstudag dæmd til sjö mánaða fangelsisvistar í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að hafa haft í vörslu sinn rúmlega hálft kíló af amfetamíni og tæp fimm grömm af hassi. Fimm mánuðir af refsingunni eru skilorðsbundnir. Lögreglan fann hassið og rúmlega gramm af amfetamíninu í bifreið sem konan ók í október á síðasta ári. Í kjölfarið var gerð húsleit á heimili konunnar og fundust þar 527 grömm af amfetamíni til viðbótar. Konan játaði brot sín fyrir dómnum en sagðist einungis hafa haft amfetamínið í vörslu sinni í um sólarhring þegar hún var handtekin. Hún hafði ekki áður gerst sek um refsiverða háttsemi. - þsj



# Opið til 24

**Austurveir**  
Opið alla daga til kl. 24  
Mán-fös kl. 8-24  
Helgar og alm. frídaga 10-24



Fyrirkomulag forfallakennslu kann að verða endurskoðað í Hagaskóla:

# Einn af tíu kennurum veikur

**MENNTUN** Enginn forfallakennari hefur verið í Hagaskóla síðan um áramótin þrátt fyrir að allt að fjórir kennarar af fjörutíu hafi verið veikir á sama deginum.

Foreldri, sem hafði samband við Fréttablaðið, segir að í sumum bekkjum hafi ekki liðið ein einasta vika með fullri kennslu frá áramótum.

Flosi Kristjánsson aðstoðarskólástjóri segir að forfallakennari skólans hafi hætt störfum um áramótin. Í fyrradag hafi nýr kennari byrjað hjá skólanum, meðal annars til að sinna forfallakennslu, en annars sé reynt að leysa úr slíku með starfsfólki inn-



**HAGASKÓLI** Aðstoðarskólástjóri segir koma til greina að endurskoða fyrirkomulag forfallakennslu, komi um það skýr krafa frá foreldrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

anhúss. Forfallakennsla hafi hingað til ekki verið forgangsatriði skólástjórnaða á unglingastigi, segir Flosi, en viðhorf til þessa

séu óðum að breytast. „Ég kannast ekki við að þessu hafi verið haldið stíft að okkur,“ en krafan um fulla kennslu gerist þó æ háværari, segir hann.

Skólinn fær fjármagn eyrna-merkt forfallakennslu og Flosi telur að eitt stöðugildi fyrir áramót hafi nýst vel. „Það er sjálfsagt ekkert vit í öðru en að vera með að minnsta kosti einn [forfallakennara],“ segir hann og bætir við að einn kennari dugi jafnvel ekki til, þegar veikindi séu sem mest.

Flosi segir jafnframt að til að núverandi fyrirkomulag verði endurskoðað þurfi að koma um það skýr krafa frá foreldrum. - kóp

# Íhuga nýja leið til að binda hendur Bush

Fulltrúar meirihluta demókrata á Bandaríkjaþingi íhuga að freista þess að binda hendur Bush forseta til stríðsreksturs í Írak með nýrri þingsamþykkt. Hún kæmi í stað þeirrar sem árið 2002 heimilaði Bush að beita Saddam Hussein hervaldi.

**WASHINGTON, AP** Þingmeirihluti demókrata í öldungadeild Bandaríkjaþings sagðist í gær ef til vill munu freista þess að binda frekar hendur George W. Bush forseta til að heyja stríð í Írak með því að samþykkja takmarkaðri útgáfu af ályktuninni sem þingið samþykkti árið 2002 og heimilaði forsetanum að beita hervaldi gegn Saddam Hussein.

Eftir vikulanga þingumræðu um stefnu Bush varðandi hernaðinn í Írak brást Hvíta húsið reiðilega við fullyrðingu Harrys Reid, leiðtoga meirihlutans í öldunga-deildinni, um að ákvörðunin um innrásina sem Bandaríkjamenn fóru fyrir í Írak í mars 2003 hefði sýnt sig að vera „verstu mistök í utanríkismálum“ í sögu Bandaríkjanna.

„Stríðið er erfitt, en lausnin er ekki að hraða hernum af vettvangi. Hún felst miklu fremur í því að sjá hernum fyrir því sem hann þarf á að halda til að ljúka verkinu, og ýta jafnframt við Írökum að axla ábyrgð á sínum málum,“ sagði Tony Snow, talsmaður Hvíta hússins.

Tveir þingnefndarformenn úr röðum demókrata töluðu um möguleikann á því að breyta samþykktinni frá 2002 sem heimilaði Bush að efna til innrásarinnar.

„Sú samþykkt var eins og blankótékki sem gerði honum kleift að gera nærri því hvað sem er og hefur gert það að verkum að við eigum nú í stöðugum bardögum í Írak,“ sagði Carl Levin, sem stýrir hermálanefnd öldunga-deildarinnar.



**HART DEILT** Mitch McConnell, leiðtogi minnihluta repúblikana í öldungadeild Bandaríkjaþings, talar í harkalegri umræðu um ályktun gegn Íraksstefnu Bush á laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Við getum uppfært samþykktina þannig að hún gefi mun þrengra svigrúm [til stríðsrekstrar í Írak], sem mun leysa hermenn okkar undan því að blandast í borgarastríð trúarhópa,“ sagði Levin.

Demókratinn Joe Biden, formaður utanríkismálanefndar öldungadeildarinnar sem sækist eftir forsetaframboðsútnefningu,

Við getum uppfært samþykktina þannig að hún gefi mun þrengra svigrúm til stríðsrekstrar í Írak

**CARL LEVIN** FORMAÐUR HERMÁLANEFNDAR ÖLDUNGAEILDARINNAR

talaði um að afturkalla samþykktina frá 2002 og semja nýja í staðinn.

Fulltrúadeild þingsins samþykkti á föstudag ályktun þar sem áformum forsetans um að senda 21.500 manna liðsauka til Íraks er hafnað. Ályktunin hrakti Bush í vörn í framhaldinu, þegar tekist verður á um fjármögnun Íraksáætlanar hans.

Á laugardag vantaði fjögur atkvæði upp á að 60 atkvæða aukinn meirihluti fengist fyrir samþykkt samhljóða ályktunar í öldungadeildinni. Demókratar lýstu engu að síður yfir sigri í málinu, enda greiddi hlutfallslegur meirihluti – 56-34 – atkvæði með ályktuninni, þar á meðal sjö þingmenn repúblikana. audunn@frettabladid.is

Hvalveiðar Japana:

## Reyna enn að gera við skipið

**JAPAN, AP** Áhöfn vinnsluskipa japanska hvalveiðiflotans í Suður-Kyrrahafi, Nisshin Maru, sem verið hefur í lamasessi síðan bruni kom upp í því í liðinni viku, vann enn að því í gær að reyna að gera við vélar skipsins. Takist það ekki er vertíðin úti. Greenpeace hefur boðist til að draga það í land, en boðið var afþakkað. Peter Williams, talsmaður björgunarfélagsins Maritime New Zealand, segir að hætta á umhverfisslysi sé ekki svo mikil eins og sakir standa, þar sem góðu veðri sé spáð næstu daga. Hið 9.000 tonna vinnsluskip er með um 1.000 tonn af olíu og öðrum spilliefnum um borð. - aa



**BJARTUR NK** Verðmæti botnfiskafla jókst mikið á milli ára.

## Aflaverðmæti íslenskra skipa: Verðmæti botnfiskafla eykst

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflaverðmæti íslenskra skipa nam 70,5 milljörðum króna á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2006 samanborið við 63,2 milljarða á sama tímabili 2005. Aflaverðmæti hefur aukist um 7,3 milljarða eða 11,6 prósent. Aflaverðmæti nóvembermánaðar nam 6,2 milljörðum en í nóvember í fyrra var verðmæti afla 5,7 milljarðar. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Verðmæti þorskafla var 24,8 milljarðar og jókst um 9,1 prósent. Aflaverðmæti ýsu nam 10,6 milljörðum, sem er 27,9 prósentu aukning.

Aflaverðmæti uppsjávarafla dróst saman um 12,1 prósent milli ára og nam 11,9 milljörðum. Munar þar mestu um verðmæti loðnu sem minnkaði um 54 prósent eða 2,6 milljarða. - shá

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Fíkniefnaakstur í Hveragerði


Maður var handtekinn í Hveragerði á áttunda tímanum í gærmorgun, grunaður um að aka undir áhrifum fíkniefna. Maðurinn var yfirheyrður og sleppt að því loknu.

#### Eldur í bíl á Grettisgötu

Eldur kviknaði í bíl á Grettisgötu í Reykjavík á laugardagskvöld. Hann var í bílskýli, og var upphaflega tilkynnt um eld í húsinu. Eldurinn var slökktur stuttu eftir að slökkvilið kom á vettvang.

## VEÐURSPÁ

#### um hádegis »



#### um hádegis »


|               |      |            |                 |      |            |
|---------------|------|------------|-----------------|------|------------|
| Kaupmannahöfn | 4°C  | léttskýjað | London          | 12°C | léttskýjað |
| Þórshöfn      | 8°C  | skúrir     | Paris           | 15°C | léttskýjað |
| Oslo          | 0°C  | hálfskýjað | Frankfurt       | 9°C  | léttskýjað |
| Stokkhólmur   | -3°C | él         | Friedrichshafen | 5°C  | alskýjað   |
| Gautaborg     | 3°C  | léttskýjað | Berlín          | 3°C  | alskýjað   |

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

#### » á morgun



#### » miðvikudagur



|            |      |            |
|------------|------|------------|
| Alicante   | 19°C | hálfskýjað |
| Mallorca   | 13°C | skýjað     |
| Algarve    | 16°C | skýjað     |
| Krit       | 16°C | léttskýjað |
| Las Palmas | 20°C | léttskýjað |



# Spennandi salatbar

Veldu úr yfir 40 spennandi tegundum  
og settu saman þína máltíð á aðeins

419<sub>kr</sub>

til dæmis...



#### Nacho salat

Nachos, guacamole, veislusalat og tómatsalsa



#### Tófusalat

Tófú marinerað í ananas og karrísósu, risotto og veislusalat



#### Krabbasalat

Surami, sýrður rjómi, ferskar kryddjurtir og veislusalat



#### Núðlusalat

Eggjanúðlur, mini maís, kjúklingur, paprika og salat



#### Grískt fetasalat

Klettsalat, fetaostur, sólþurrkaðir tómatar og olía



#### Spínatsalat

Spínat, tortellini með engiferfyllingu, maís, hummus og paprika



#### Speltpasta salat

Speltpasta, romain salat, fetaostur, paprika og túnfiskur



#### Franskt pastasalat

Hvítlauspasta, kús kús, veislusalat og salami



#### Mexíkanskt baunasalat

Nýrnabaunir, fetaostur, kjúklingabaunir, salami, veislusalat og kjúklingabollur



#### Heilsusalat

Klettsalat, kjúklingur, kotasæla og maís



#### Salamisalat

Salami, hvítlaukur, kús kús, brauðteningar og spínat



#### Skinkusalat

Skinka, fetaostur, romain salat, hnetur og rúsínur



#### Agúrkusalat

Agúrkur, ætipistlar, kotasæla, kjúklingur og melónur



#### Sesar salat

Kjúklingur, parmesan, romain salat brauðteningar og paprika



#### Ítalskt salat

Tagliatelle, ætipistlar, skinka, kjúklingabollur og veislusalat



#### Ávaxtasalat

Melónur, rúsínur, hnetur og klettsalat

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN



Vilt þú þyngri viðurlög við ofsaakstri?

|     |     |
|-----|-----|
| Já  | 85% |
| Nei | 15% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú sáttur við framlag Íslands í Eurovision?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Viðskiptaráðherra um banka: Almenn­ingur fá­i be­tri kjör

**BANKAMÁL** Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra hvetur bankana eindregið til að lækka þjónustugjöld. Hann segir þá hafa fjárhagslega burði til þess. Í norrænni skýrslu sem fjallað var um í hádegisfréttum Stöðvar 2 í gær kemur fram að meiri vaxtamunur er hér á landi en á hinum Norðurlöndunum þrátt fyrir að eiginfjárstaða bankanna sé almennt góð. Hann segir þó ekki ástæðu til að rannsaka meint samráð bankanna þar sem hagsveiflan sé ekki gengin niður.



FLAKIÐ Hermenn á vakt við flak þýrlunnar.

Átökin í Afganistan: Hermenn farast er þýrla hrapar

**AFGANISTAN, AP** Stór herþýrla Bandaríkjahers hrapaði í Suðaustur-Afganistan í gær. Átta hermenn fórust en fjórtán komust lífs af, að því er talsmenn ISAF, NATO-herliðsins í landinu, greindu frá. Fulltrúar hersins útilokuðu strax að þýrlan hefði verið skotin niður. Rétt fyrir hrapað tilkynntu flugmennirnir um skyndilega vélarbilun. Hermenn ISAF skutu um helgina til bana vegfaranda í Suður-Afganistan sem þeir töldu að ósekju vera sjálfsmorðs-sprengjumann. Þetta var annað slíka tilvik á viku.

6

FRÉTTABLAÐIÐ

19. febrúar 2007 MÁNUDAGUR

Ingibjörg Sólrún á fundi Samfylkingar og samtakanna 60+ í gær:

# Aðstæður aldraðra siðleysi

**STJÓRNMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísla-dóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir það „siðlaust samfélag“ sem ekki setji í forgang að leysa úr málefnum aldraðra. Ellin sé víðs fjarri þeim, sem séu í fararbroddi í íslensku samfélagi, enda eigi þeir flestir góðan lífeyrisrétt. Valdið, segir Ingibjörg, hefur slævt núverandi ríkisstjórn.

Ingibjörg rifjaði upp feril sinn sem borgarstjóri og sagði áherslur sínar hafa verið á velferðarmál eins og uppbyggingu leikskóla og einsetningu grunnskóla. Svo yrði einnig í ríkisstjórn Samfylkingar. „Við ætlum að hækka lífeyri almannatrygginga, við ætlum að

**ELLERT B. SCHRAM, INGIBJÖRG SÓLRÚN OG ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR** Samfylkingin og samtökin 60+ héldu fund á Hótel Nordica í gær. Salurinn var „algjörlega troðfullur“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir.

taka upp tíu prósentu skatt á greiðslur úr lífeyrissjóði í stað 37,5

prósentu skatts, við ætlum að koma á 100 þúsund króna frítekjumarki,“ sagði Ingibjörg og bætti við: „Við ætlum að losa eldri borgara þessa lands úr þeirri fátæktargildru sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur spunnio.“ Samkoman var vel sótt og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, var afar ánægð þegar Fréttablaðið náði af henni tali. „Já, það var hús-fyllir og algjörlega troðfullur salurinn, svo við þurfum að bæta við stólum. Aldraðir ætla greinilega ekki að láta koma svona fram við sig lengur.“

- kóp

# Skammast sín fyrir íslenska arfleifð sína

Scott Hjørleifsson, einn gesta á klámráðstefnu, segist hneykslaður á ummælum yfirvalda um samkomuna. Ásakanir um þrælahald, mansal og barnaklám séu rógburður. Hótelstjóri Radisson SAS segir hótelið ekki setjast í dómarasæti.

**FÉLAGSMÁL** „Ég er stórhneykslaður á viðbrögðum íslenskra yfirvalda við þessari samkomu,“ segir Scott Hjørleifsson, einn gesta á ráðstefnu um klámefni sem fram fer í Reykjavík í næsta mánuði. „Í fyrsta skipti á ævinni skammast ég mín fyrir að hafa íslenskt blóð í æðum mínum.“

Scott rekur klámvefinn www.sleazydream.com, sem er ein af 1.500 mest sóttu síðum á internetinu samkvæmt vefmælingafyrirtækinu Alexa. Hann ólst upp í Gimli í Kanada og er Vestur-Íslendingur.

„Þessu ummæli yfirvalda og annarra um mögulegt mansal, þrælahald og framleiðslu barnakláms hjá ráðstefnugestum er hreinn rógburður og ég velti fyrir mér hvort viðkomandi séu með réttu ræði,“ segir hann.

„Ég hef farið á tugi slíkra ráðstefna um allan heim síðustu sex ár og þetta er einfaldlega samkoma fólks sem vill byggja upp tengslanet og skemmta sér, ekkert annað.“

Hann segir einnig út í hött að á ráðstefnunni verði tekið upp klámefni. „Til þess þýrfti að flytja

inn leikara, leikstjóra, upptöku-búnað, upptökulið, förðunar-fólk og fleira sem er allt til staðar í löndum sem leyfa framleiðslu á klámefni. Það svarar einfaldlega ekki kostnaði fyrir utan öll vanda-málin sem skapast af því þessi framleiðsla er ólögleg á Íslandi. Enginn framleiðandi myndi láta sér detta það í hug.“

Fréttablaðinu hefur borist yfirlýsing frá einum aðstandanda ráðstefnunnar, Christinu Pong, þar sem hún lýsir undrun sinni á þeim viðbrögðum sem samkoman hefur fengið. Hún leggur áherslu á að í ferðinni verði engin klámfengin hegðun á almannafæri.

HRÖNN GREIPSDÓTTIR, hótelstjóri á Radisson SAS þar sem ráðstefnu-



JÓN KARL ÓLAFSSON



HRÖNN GREIPSDÓTTIR



ERNA HAUKSDÓTTIR

gestir gista, segir ekki venju að yfirheyra gesti um hvað þeir geri og hver sé tilgangurinn með ferð þeirra. Ef eitthvað ólöglegt sé á ferðinni sé það í höndum yfirvalda, það sé ekki hlutverk hótelsins að taka siðferðilega afstöðu í þessu máli.

Hún segist þó hafa beðið aðstandendur ráðstefnunnar að taka merki hótelsins af vefsíðu sinni, en þeir hafi ekki enn orðið við því.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri samtaka ferðapjónustunnar, tekur undir orð Hrannar. „Það er ekki verið að yfirheyra fólk og spyrja hvað það ætlar sér að gera á landinu, og sem stendur virðist óljóst hvað það verður nákvæmlega. Það er ekki ólöglegt að panta sér ráðstefnusal og tala saman.“

„Það þarf að vera mjög góð ástæða til að banna fólk að koma til landsins,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair. „Það er því afskaplega lítið sem við getum gert, enda komum við ekki að þessu á annan hátt en að flytja hluta ráðstefnugesta til og frá landinu.“ Ekki náðist í forsvarsmenn Iceland Express við vinnslu fréttarinnar.

salvar@frettabladid.is

HARMA KLÁMRÁÐSTEFNUHALD



**KARL SIGUR-BJÖRNSSON**

Biskup Íslands og formaður Prestafélags Íslands harma það að stór hópur klámframleiðenda hyggt haldra ráðstefnu hér á landi. Í yfirlýsingu segir að klám gangi í berhögg við kristinn mannskilning og því fylgi alltaf lítillsvirðing á mann-eskjunni.

Þar segir einnig að klámiðnaðinum geti fylgt ýmis nauðung, mansal og misnotkun á börnum. Því sé fagnað að ráðamenn hafi brugðist við fréttum af heimsókninni og borgarstjóri hafi sett af stað rannsókn á þeim sem tengjast henni.

- sps

## Viðbrögð við þjóðstjórnarviðræðum Palestínumanna: Hnykkt á skilyrðum

**JERÚSALEM, AP** Fulltrúar ísraelskra og bandarískra stjórnvalda hafa komið sér saman um að snið-ganga þá nýju stjórn Palestín-umanna sem ekki hafnar ofbeldi eða viðurkennir Ísraelsríki og áður gerða friðarsamninga. Þetta sagði Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, í gær.

Ólíklegt er talið að tilvonandi samstjórn beggja stærstu fylk-inganna í palestínskum stjórn-málum, hinna herskáu Hamas-samtaka og hófsamari Fatah-hreyfingar, muni uppfylla þessi skilyrði til fullnustu.

Í Ramallah á Vesturbakkanum reyndi Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna og leiðtogi Fatah, að sannfæra Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandarík-anna, um að Alþjóðlegi kvartettinn svonefndi – með fulltrúum Bandaríkjanna, Evrópusam-



RICE OG ABBAS Hittust í Ramallah í gær.

bandsins, Sameinuðu þjóðanna og Rússlands, sem hefur ýtt á eftir friðarsamningum Ísraela og Palestínumanna – yrði að gefa hinni tilvonandi þjóðstjórn tækifæri á að sanna sig. Í sáttasam-þykkt forystumanna Fatah og Hamas, undirritaðri í Mekka fyrr í mánuðinum, er aðeins talað um „virðingu“ fyrir fyrri friðar-samningum.

- aa

Dæmd í þriggja ára fangelsi: Áttræð kona misnotaði dreng

**BANDARÍKIN, AP** Rúmlega áttæð bandarísk kona játaði sig seka um að hafa kynferðislega misnotað ellefu ára dreng.

Georgie Audean Buoy, sem er 84 ára, viðurkenndi að hafa stundað kynlíf með drengnum þegar hann var í hennar umsjá árið 2004 að sögn saksóknara.

Samkvæmt samkomulagi sem Buoy gerði við saksóknara mun hún sitja í þrjú ár í fangelsi. Eftir að afplánun lýkur verður hún skráð sem kynferðisglæpamaður. Einnig þarf hún að greiða fórnarlambinu rúmar 300.000 krónur ásamt rúmri hálfri milljón í málskostnað.

- sdg



MARGMENNI Ítalskir herstöðvaandstæðingar fjölmenntu.

Vicenza á Ítalíu: Þúsundir mót-mæla herstöð

**ITALÍA** Þúsundir manna flyktu til borgarinnar Vicenza á N-Ítalíu um helgina, til að taka þátt í mótmælum gegn stækkun bandarískrar herstöðvar þar. Bandaríkjaher vill fjölga hermönnum í stöðinni um 2.000, en þá yrðu þeir alls um 5.000. Skipuleggjendur mótmælanna segja ítölsk stjórnvöld hafa hunsað andmæli borgarbúa.

Borgarstjóri Vicenza óttaðist að aðkomuróttæklingar kæmu af stað óeirðum í göngunni, en hún fór friðsamlega fram. Skipuleggjendur sögðu 100.000 manns hafa mætt, en lögregla 40-50 þúsund.

- sun

Fjögurra mánaða fangelsi: Drakk bjór og svaf í hjólhýsi

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugs-altri var á föstudag dæmdur til fjögurra mánaða fangelsisvistar í Héraðsdómi Suðurlands fyrir að hafa í félagi við annan mann brotist inn í hjólhýsi sem stóð við Hrísmýri á Selfossi, dvaldið þar um nóttina og notað sængurföt og salernisaðstöðu. Auk þess stal maðurinn bjórkassa. Maðurinn hefur frá árinu 1999 hlotið tíu dóma fyrir þjófnað og sex til viðbótar fyrir önnur brot.

- þsj

## Fífldjarfur Ástrali: Ákvað í ölvímu að grípa hákarl

**ÁSTRALÍA, AP** Ástrali sem greip 1,3 metra langan hákarl með berum höndum telur ölvun af völdum vodkadrykkju hafa skert dóm-greindina.

Phillip Kerkhof var að veiða af bryggju þegar hann kom auga á hákarl skammt frá. „Ég laumaðist bara aftan að honum, ákvað að grípa hann og með hundaheppni náði ég honum,“ sagði Kerkhof. „Hann braust um í vatninu, fór að snúa sér við og reyndi að bíta mig og ég hugsaði: „jæja, það er ótrúlegt hvað vodka gerir.““

Hákarlinn náði að bíta gat á gallabuxur Kerkhofs sem slapp ómeiddur.

- sdg

**RÚSSLAND**

**Sprengt á McDonalds**

Að minnsta kosti sex manns særðust er sprenging varð á McDonalds-veit-ingastað í miðborg Sankti Pétursborgar í gær. Að sögn Interfax-fréttastofunnar sprakk sprengja á staðnum en á huldu var hver bar ábyrgð á henni.

Bolludagsbragðið



Fáðu þér rjóma inn á milli



CONCERT KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ THULE OG MASTERCARD

ENGIN HLJÓMSVEIT Í HEIMINUM  
HEFUR SELT EINS MIKIÐ AF  
MIÐUM Á ÍSLANDI OG DEEP PURPLE.  
NÚ SNÚA ÞEIR AFTUR MEÐ  
STÓRTÓNLEIKA Í HÖLLINN

# DEEP PURPLE

LAUGARDALSHÖLL

27. MAÍ 2007

MIÐASALA HEFST  
FIMMTUDAGINN 1. MARS  
MASTERCARD FORSALA  
MIÐVIKUDAGINN 28. FEB.



SÉRSTAKIR GESTIR:


# URIAH-HEEP



20% afsláttur af öllum viðburðum  
Concert ef greitt er með MasterCard

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef  
tónlistarklúbbs MasterCard, [www.kreditkort.is/klubbar](http://www.kreditkort.is/klubbar)

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA  
Á [WWW.MIDI.IS](http://WWW.MIDI.IS) OG Í  
VERSLUNUM SKÍFUNNAR





Umhverfissvið Reykjavíkurborgar ætlar að auka mælingar á svifryki:

# Varar leikskólana við beint

**UMHVERFISMÁL** Umhverfissvið  
Reykjavíkurborgar er að vinna í því að koma á beintengingu við leikskóla, skóla og hjúkrunarheimili í borginni, til dæmis með tölvuþósti eða hringingu, þannig að hægt sé að vara við þegar svifryksmengun fer yfir heilsuverndarmörk í Reykjavík svo fullorðnir og börn geti haldið sig innandyra.

„Við vitum ekki ennþá hvernig við útfærum þetta tæknilega séð, það er í vinnslu en við komum þessu í framkvæmd sem fyrst,“ segir Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri menngunararna hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar. „Við ætlum að senda leikskólum tilmæli



Í **BORGinni** Gríðarleg svifryksmengun  
getur verið í vetrarstillum við helstu  
umferðaræðar í borginni.

um að hleypa krökkum ekki út. Á svona dögum er best fyrir leikskólakrakka að halda sig innan-dyra, fara ekki í mikla íþróttaiðkun eða hlaupa hratt. Þetta á líka við um aðra sem eru veikir. Við viljum

ekki að nokkur einasti maður verði fyrir skaða.“ Umhverfissvið hefur áður varað við svifryksmengun yfir heilsuvandarmörkum í útvarpinu. Því verður haldið áfram auk þess sem í bígerð er að birta beintengt kort á vefsíðu borgarinnar sem sýnir svifryksmengun í borginni hverju sinni.

Fyrirhugað er að auka mælingar á svifryksmengun og verða hugsanlega nýjar mælistöðvar keyptar. Svifryksmengun er þegar mæld á tveimur stöðum í borginni, á mótum Grensásvegur og Miklubrautar og í Fjölskyldu- og húsdýráragðinum auk þess sem ein færnanleg mælistöð er í eigu borgarinnar. - ghs

## Vinnumiðlun ungs fólks:

# Taka við sumar- starfsumsóknunum

**FÉLAGSMÁL** Vinnumiðlun ungs fólks tekur á móti umsóknum um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg frá og með deginum í dag. Þeir seru eru fæddir 1990 eða fyrr og eru með lögheimili í Reykjavík geta sótt um hjá vinnumiðluninni.

Í fréttatilkynningu segir að einungis sé tekið á móti umsóknum í gegnum netið og nánari upplýsingar sé að finna á heimasíðu vinnumiðlunarinnar, [www.vuf.is](http://www.vuf.is). Tekið er á móti umsóknum til 20. apríl, og er vakin athygli á því að tekið er á móti umsóknum í Götuleikhús Hins hússins og Skapandi samarhópa til 30. mars.

- sps

Tilboð 16. - 25. febrúar

frá 3.550 kr.

á sólarhring með 100 km akstur,  
kaskótryggingu og skatt innifalið.



Nýtt símanúmer 522 44 00


522 4400 • [www.hertz.is](http://www.hertz.is)

## Safnaðu Vildarpunktum



## Türkmenar kjósa sér nýjan forseta

Pó að mörgu hafi verið ábótavant við framkvæmd forsetakosninganna í Túrkménistan eru þær taldar fyrsta tækifæri til umbóta eftir tveggja áratuga stjórnmálið einræðisherrans Saparmurat Niyazov, sem lét kalla sig föður allra Túrkmenna.



Nýir tímar með nýjum forseta Túrkménistans:

# Umbætur boðaðar

**TÚRKMENISTAN, AP** Nýkjörinn forseti Túrkménistans, Gurbanguly Berdymukhamedov, var svarið í embætti fyrir helgi eftir að hafa sigrað með tæplega 90 prósentum atkvæða í nýafstöðnum kosningunum. Hét hann því að að fylgja stefnu einræðisherrans fyrrverandi sem lést í

desember, Saparmurat Niyazov, en  
boðaði jafnframt breytingar í þessu  
landi sem hefur í áratugi verið gegn-  
sýrt af alltumlykjandi persónudýrk-  
un á leiðtoganum.

Berdymukhamedov hefur meðal annars heitið því að almenningur fái aðgang að internetinu. - sdg

- sdg

# Astra la vista, baby!



Nýr, fallegri og miklu  
betri Opel.



Ný Opel Astra er falegasti billinn á götunni. Stórglæsileg hönnun helst í hendur við kraftmikla vél og magnaða akstureiginleika. Drekkhlaðinn aukabúnaði sem gerir aksturinn ennþá ánægjulegri. Astra var mest seldi bill Evrópu árið 2006 og það er ljóst að þeir ætla ekki að gefa neitt eftir árið 2007.

Verð frá **1.890.000,-**

VEGLEGUR SPORTPAKKI FYLGIR MEÐ ASTRA  
ENJOY, LITAÐAR RÚÐUR OG VINDSKEIÐ.

# Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00. Laugardaga kl. 12:00–16:00.

Bill á mynd; Astra OPC 2.0, 240 hö., leðursæti, 18" álfelgur. Verð: 2.590.000,-



FordFocus



Nýtt tákni um gæði

# Veldu Ford Focus Nýtt tákni um lífsgæði



Hönnun bíla á að vera gegnheil og í takt við nútíma hugmyndir fólks um betri lífsgæði. Lág bílanatiðni er ekki lengur, ein og sér, tákni um gæði bíla. Nútímafólk vill meira. Nýja hönnunin skal vera ekta - einlæg - og sameina gagnsemi, vistmildi og vestræna formfegurð. Vertu í hópi þeirra bestu. Vertu ekta. Veldu Ford.

**Ford Focus Genuine Design.** Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægann vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Reynsluaktu Ford Focus. Ekta hönnun Ford Focus: Þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri akstureiginleika og meira öryggi. Þú færð meira rými. Þú færð betra verð. Vertu genuine. Veldu Ford Focus.

Nýtt tákni um meira en gæði  
Ford Focus Ambiente  
1,6i 5 dyra 5 gíra  
**Verð 2.080.000 kr.\***

Spurðu hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar merkir. Reynsluaktu Ford Focus.



Örugur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.ford.is](http://www.ford.is)

\*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru þokuljós og áttelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.





# AÐALFUNDUR GLITNIS BANKA HF.

Aðalfundur Glitnis banka hf. árið 2007 verður haldinn á Nordica Hótel þriðjudaginn 20. febrúar 2007 og hefst kl. 14.00.

Dagskrá:

- Setning fundar.
- Skýrsla stjórnar um starfsemi bankans árið 2006.
- Endurskoðaðir reikningar bankans fyrir árið 2006.
- Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar bankans á árinu 2006.
- Kosning endurskoðunarfélags.
- Ákvörðun um þóknun til stjórnar fyrir næsta kjörtímabil.
- Tillaga um framlag í Menningarsjóð Glitnis.
- Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutum í Glitni banka hf.
- Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans.
- Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.
- Kosning til stjórnar Glitnis banka hf.
- Önnur mál.

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað kl. 13.00–14.00 á fundardegi. Afhendingu aðgöngumiða og atkvæðaseðla verður hætt kl. 14.00.

Dagskrá fundarins, tillögur og ársreikningar félagsins fyrir árið 2006 eru hluthöfum til sýnis á Kirkjusandi 2, 5. hæð. Þessi gögn eru einnig aðgengileg á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is).

11. febrúar 2007,  
stjórn Glitnis banka hf.



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

## Ný baráttuaðferð borgarinnar: Háhitadætur á veggjakrotið

**UMHVERFISMÁL** Ný háþrýstidæla sem hitar vatn upp í 120 gráður hefur verið tekin í notkun til að hreinsa veggjakrot af eignum Reykjavíkurborgar. Dælan mun vera gríðarlega öflug. Hitastig vatnsins, þrýstingur og hreinsiefni eru valin með tilliti til þess sem hreinsa á og annarra aðstæðna.

Að því er segir í frétt framkvæmdasviðs borgarinnar verða tveir menn í verkefnum með dæluna næstu mánuði enda er verkefnalistinn langur: „Einkum munu þeir beita sér gegn veggjakrotinu, en dælnunni fylgir einnig búnaður til að hreinsa burt tyggjóklessur og verður



**VIÐ JÓNSGEISLA** Háþrýstidæla með vatni yfir suðumörkum á að eyða veggjakroti. MYND/FRAMKV/EMDASVIÐ REYKJAVÍKUR

gerð tilraun með þann búnað fljótlega.“ - gar

# Málum vegna afbrot barna fer fjölgandi

Málum barna þar sem afbrot koma við sögu hefur fjölgað hjá Barnavernd Reykjavíkur. Langflestar tilkynningar koma frá lögreglu.

**BARNAVERND** Mikið álag er á starfsmönnum Barnavernd Reykjavíkur, að sögn Halldóru Drafnar Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra. Þá virðist sem málum barna þar sem afbrot koma við sögu hafi fjölgað milli 2005 og 2006. Mála-fjöldinn hefur heldur aukist á milli ára og mikil aukning hefur verið í fjölda tilkynninga, sem þýðir að fleiri tilkynningar berast um hvert barn heldur en áður, sem er mjög jákvætt, að því er Halldóra segir.

„Á síðasta ári fengum við um 3.400 tilkynningar vegna 1.600 barna, langflestar frá lögreglu. Árið 2005 unnu starfsmenn nefndarinnar að málum 2.313 barna í 1.800 fjölskyldum. Árið 2004 voru börnin 2.100 í 1.700 fjölskyldum.“

Halldóra segir ákveðinn stiganda í fjölda barna sem nefndin

sinnir og að búast megi við að fjölgunin haldi áfram. „Þessar tölur segja þó ekki alla söguna um álagið, því það fer einnig eftir eðli málanna. Þungi þeirra er vaxandi og starfsfólki hér finnst aðstæður barnanna oft mjög erfiðar.“

Kvartanir hafa borist til Fréttablaðsins þess efnis, að mál geti þurft að bíða svo vikum skiptir áður en nefndin tekur þau til meðferðar. Þeir sem haft hafa samband vegna þessa telja stöðu mála með öllu óviðunandi.

„Vissulega er álagið það mikið að við þurfum að forgangsraða“, segir Halldóra. „En það eru engin bráðamál látin bíða“, undirstrikar hún. „Hins vegar eru mál, sem ekki flokkast undir bráðamál, skráð um leið og þau koma á borð nefndarinnar. Þá getur það dregist í nokkrar vikur að þau séu tekin til meðferðar. Það fer eftir eðli máls hverju sinni. Hver starfsmaður hér fer með mál 40 til 50 barna, það segir sig sjálf að það er of mikið, þó má benda á það að Velferðarráð tók á síðasta ári ákvörðun um að bæta við einu stöðugildi til þess að koma til móts við vaxandi álag.“

Nú starfa þrjátíu manns hjá Barnavernd Reykjavíkur, að sögn Halldóru. Um er að ræða fjórtán félagsráðgjafa, átta ráðgjafa með háskólapróf, tvo lögfræðinga, sálfræðing, þrjá þjónustufulltrúa og tvo eftirlitsstarfsmenn.

[jss@frettabladid.is](mailto:jss@frettabladid.is)



**BARNAVERNDARNEFND** Ákveðin aukning hefur verið í fjölda barna sem Barnavernd Reykjavíkur sinnir og býst framkvæmdastjóri hennar við því að fjölgunin haldi áfram. Myndin er úr safni og óviðkomandi fréttinni.



## „Vinir mínir fengu mig til að skipta“

**Ungur viðskiptavinur SKO segist hafa verið undir mikilli pressu frá vinum sínum að gerast viðskiptavinur SKO.**

„Ég borga miklu minna fyrir símann núna“ segir hann, en vill ekki láta nafns síns getið. Dæmi eru um stóra vinahópa þar sem allir eru skráðir í SKO.

„Ég borga miklu minna fyrir símann núna“

SKO

Ó DÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

www.sko.is



dýrt og

Ódýrt

Ódýrt og go

**798** kr. kg.

Krónu saltkjöt 1. flokkur

Goða síðubitar **99** kr.kg

Goða hálsabitar **199** kr.kg

Frábært úrval af kartöflum, rófum og baunum til að fullkomna Sprengidaginn

**199** kr. kg.

Blandað saltkjöt

**Sparaðu stórt - alla daga**

Sæskar kjötbollur

**459** kr./pk.

Goða kjötfars nýtt/saltað

**398** kr./kg.

Grims fiskibollur

**339** kr./pk.

**Bolla.. Bolla.. Bolla..**

Myllu vatnsdeigsbollur með súkkulaði 6 stk. í pk

**299** kr./pk.

Myllu bolludagsbollur með súkkulaði 6 stk. í pk

**299** kr./pk.


Litlar Myllu vatnsdeigsbollur 9 stk. í pk.

**269** kr./pk.



**Svona erum við**

> Magn blandaðs heimilisúrgangs sem sorphirða sveit-  
arfélaga tekur við í þúsundum tonna.



Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

fréttir og fróðleikur

**FBL-GREININ: ÍSLENSKA LOFTVARNAKERFIÐ**

## Hluti af loftvarnakerfi NATO

Ratsjárstofnun er sérstök stofnun á vegum utanríkisráðuneytisins. Hún annast rekstur ratsjárkerfis, sem ber nafnið Íslenska loftvarnakerfið (IADS) og íslensk stjórnvöld starfrækja eða láta starfrækja í þágu varna landsins, á grundvelli varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 1951 og síðari tíma viðbóta við hann.

**Hvað gerir Ratsjárstofnun?**

Ratsjárstofnun annast rekstur fjögurra ratsjárstöðva, en þær eru á Bolafjalli við Bolungarvík, Gunnólfsvíkurfjalli á Langanesi, Stokksnesi við Hornafjörð og Miðnesheiði við Keflavíkflugvöll.

Með hjálp ratsjárstöðvanna er öll flugumferð um íslenska loftvarnasvæðið vaktad, en það er lítið eitt minna umfangs en íslenska flugumferðarstjórnarsvæðið. Sé slökkt á ratsjár-

svara flugvélar sést hún ekki í hinu borgaralega flugumferðarstjórnakerfi, en með hjálp íslenska loftvarnakerfisins er hægt að fylgjast með slíkum vélum, rati þær inn á loftvarnasvæðið.

**Hvar er unnið úr upplýsingunum?**

Úr upplýsingunum sem frá ratsjárstöðvunum koma er unnið í þar til gerðri eftirlits- og stjórnstöð sem er til húsa á varnarsvæðinu á Keflavíkflugvelli. Starfsmenn eru allir íslenskir.

Auk þess rekur stofnunin hugbúnaðarstöð, þar sem unnið er að þróun hugbúnaðar sem notaður er í tölvukerfum íslenska loftvarnakerfisins.

**Hver ber kostnaðinn?**

Íslenska loftvarnakerfið er hluti af loftvarnakerfi NATO. Ratsjárstöðvarnar eru eign Atlantshafsbandalagsins og kostnaðinn af rekstri kerfisins hefur Bandaríkjaher borið fram til þessa. Því hættir hann um miðjan ágúst næstkomandi og því munu hefjast viðræður í höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel í lok þessarar viku, þar sem fulltrúar

íslenskra og bandarískra stjórnvalda auk fulltrúa frá NATO ræða hvað taka skuli við er samningum um fjármögnun Bandaríkjamanna á rekstri kerfisins sleppir. Frumvarp að nýjum lögum um Ratsjárstofnun er væntanlegt til að bregðast við hinum breyttu rekstrarforsendum hennar. Kostnaður af rekstri íslenska loftvarnakerfisins var hátt í 1.200 milljónir króna á árinu 2005.

**SPURT & SVARAD**

MENGUNARVARNIR FRÁ NOREGI

## Nauðsynlegt tæki á Íslandi

Landhelgisgæslan hefur fengið tilboð í mengunarvarnar- og hreinsibúnað á sjó frá Rolls Royce sem hannaður er og smíðaður er í Noregi. Búnaðurinn getur tekið um það bil 900 tonn af úrgangsolíu um borð



**Borgar þetta sig?**  
„Það er algert skilyrði fyrir kaupum á svona græjum. Kostnaðurinn á svona búnaði er um það bil 100 milljónir en hagsmunirnir eru

miklir auk þess sem svipuð tæki eru ekki til hér á landi.

**Purfa Íslendingar á þessu að halda?**  
Svarið er einfalt og það er já. Ef alvarlegt mengunarslys yrði er þessi búnaður nauðsynlegur.

**Hvernig verður fyrirkomulagið?**  
Þetta er algengur búnaður í strandgæsluskipum annars staðar í heiminum. Það eru til sérhæfð skip sem sjá aðeins um hreinsanir en við hér myndum reyna að koma sem mestu fyrir á einu skipi. Skipið sem hefði búnaðinn um borð ætti því að geta sinn mengunarvörnum, verið dráttarskip, björgunarskip, varðskip, löggæsluskip og tekið þátt í öryggismálum svo sem leit og björgun.

## Dómar yfir kynferðisbrotamönnum hafa þyngst undanfarin ár

**Dómar fyrir kynferðisbrot gegn börnum hafa þyngst á undanförunum árum og í málaferlum er meira lítið nú til þeirra alvarlegu afleiðinga sem kynferðisofbeldi veldur börnum heldur en áður var gert.**

Mikil umræða vaknaði um refsingar í kynferðisbrotamálum gegn börnum í byrjun mánaðarins þegar Hæstiréttur mildaði dóm héraðsdóms yfir manni sem sakfelldur var fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum og fyrir vörslu barnakláms. Héraðsdómi þótti tveggja ára fangelsisdómur hæfileg refsing fyrir brotið en Hæstiréttur taldi rétt að milda refsinguna niður í átján mánuði að teknu tilliti til dómaframkvæmdar Hæstaréttar í málum, sem varða hliðstæð brot.

**Dómurinn var í þyngri kantinum**  
Svala Ólafsdóttir, lögfræðingur og kennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík, hefur bent á að tvennt þurfi að hafa í huga í tengslum við þá umræðu sem vaknaði í kjölfar dómsins. Í fyrsta lagi bendir hún á

að dómurinn, sem hefur verið mjög gagnrýndur fyrir að vera mildur, er í þyngri kantinum ef miðað er við sambærilega dóma þar sem málsatvik eru svipuð. Í öðru lagi bendir hún á að nú þegar liggi fyrir frumvarp frá dómsmálaráðuneyti um breytingar á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga.

Frumvarpið þykir bera vitni um að viðhorf löggjafans sé að breytast í þá átt að kynferðisbrot gegn börnum beri að líta alvarlegri augum en gert hefur verið.

Atli Gíslason lögfræðingur segir að líta megi á það sem svar við kalli almennings um að refsingar í slíkum málum beri að herða enn frekar en orðið hefur. Hann gagnrýnir þó að þær breytingar gerist ekki nægilega hratt og bendir á að dómar fyrir fíkniefnabrot hafi þyngst mun hraðar, það hafi Hæstiréttur sjálfur tekið ákvörðun um og slíkt eigi einnig að vera mögulegt í kynferðisbrotamálum, þá sérstaklega þeim sem snúi að börnum. Refsirammann telur hann langt frá því nægilega nýttan í þessum málum.

Sveinn Andri Sveinsson lögmaður er einn þeirra sem talað hafa gegn frekari nýtingu á refsirammannum. Hann segir dómara hafa lent í öngstræti þegar kemur að fíkniefnadómum þar sem refsiramminn hafi verið ofnýttur. Hann segir að nú sé svo komið að menn sem fremja lítill fíkniefnabrot fái oft svipaða dóma og þeir sem brjóta stórlega af sér.

Sveinn Andri og Atli eru þó báðir sammála um að heimild dómstóla um að skylda brotamenn í kynferðisbrotamálum gegn börnum í meðferð sé ekki nægilega nýtt úrræði. Fangelsismálastofnun sér nú aðallega um að úthluta mönnum meðferð. Atli segir stofnunina hafa staðið vel að málum en betur færi að menn væru skyldaðir til meðferðar af dómstólum. Úrræðið gæti verið hluti afplánunar sem gerendur eru dæmdir til að sæta og myndi nýfast betur en skilorðsbundnar refsingar, sem hann telur engu skila.

**Vandaðri sönnunarfærslur**

Sönnunarbyrði í kynferðisbrotamálum hefur einnig verið mjög til umræðu og hefur meðal annars



**HARÐAR TEKID Á BROTUM GEGN BÖRNUM** Nýtt frumvarp frá dómsmálaráðuneyti, sem von er á að verði samþykkt á yfirstandandi þingi, þykir bera vitni um að löggjafinn telji að líta eigi á kynferðisbrot gegn börnum alvarlegri augum en verið hefur.

verið lagt til að á henni verði slakað. Sveinn Andri telur slíkt þó afar varhugavert, þótt sönnunarbyrðin sé oft erfið í kynferðisbrotamálum skal alltaf haft í huga að menn séu saklausir uns sekt sé sönnuð.

Atli segir það þó eindregna skoðun sína að líta eigi á andlegar afleiðingar kynferðisofbeldis sem sönnun um að það hafi átt sér stað. Hann segir ekki rétt að slakað hafi verið á sönnunarkröfum en telur að meira sé vandað til sönnunarfærslna fyrir dómi og meira tillit tekið til þeirra afleiðinga sem brotin valda börnum.

**Lögin nú**

Um kynferðisbrot er fjallað í almennum hegningarlögum. Aðeins tvær greinar varða þó börn sérstaklega en það eru 201. og 202. grein. Í ákvæði þeirra er ekki kveðið á um lágmarksrefsingu eins og til að mynda er gert í nauðgunarákvæðinu. Það ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum sem mest reynir á er í 1. og 2. málsgrein 202. greinar og hljóðar svo: Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en fjórtán ára, skal sæta fangelsi allt að tólf árum. Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að fjórum árum. Tilgangur þessara lagagreina er fyrst og

fremst sá að vernda börn gegn því að lifa kynlífi áður en þau hafa andlegan og líkamlegan þroska til þess.

**Von á enn þyngri refsingum**

Frumvarpið sem nú liggur fyrir þykir bera vitni um það viðhorf löggjafans að líta eigi á kynferðisbrot gegn börnum alvarlegri augum en gert hefur verið. Þar er gert ráð fyrir því að lágmarksrefsing fyrir samræði eða kynferðisbrot gegn börnum verði eins árs fangelsi og að hámarksrefsing hækki úr tólf árum í sextán ár. Þannig verður kynmökum við börn yngri en 14 ára skipað á bekk með nauðgunum og með því lögð áhersla á hve alvarleg þau kynferðisbrot sem beinast gegn börnum eru. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir því að hámarksrefsing fyrir kynferðislega áreitni gegn barni undir fjórtán ára aldri geti varðað allt að sex ára fangelsi í stað fjögurra.

Refsingar fyrir kynferðisbrot eru að þyngjast og verði nýtt frumvarp samþykkt af Alþingi má fastlega gera ráð fyrir því að þær þyngjast enn frekar.

**FRÉTTASKÝRING**

KAREN D. KJARTANSDÓTTIR  
karen@frettabladid.is

## Hreinar hendur örugg samskipti

Jóhanna Runólfssdóttir  
sjúkraliði, ráðgjafi hjá RV

Á tilboði í  
febrúar 2007

DAX Handspritt,  
krem, sápur ofl.

268 kr.

DAX Handáburður  
250 ml

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhalsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



25 Rekstrarvörur  
ára 1982-2007

**SVALA ÓLAFSDÓTTIR**  
„Tvennt þarf að hafa í huga í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað í kjölfar dómsins. Í fyrsta lagi er þessi ákveðni dómur þungur miðað við sambærilega dóma þar sem málsatvik eru svipuð og í öðru lagi liggur fyrir frumvarp sem gerir ráð fyrir því að refsingar í þessum brotaflokki þyngist.“



**SVEINN ANDRI SVEINSSON**  
„Það má aldrei slá á reglunni Saklaus uns sekt er sönnuð, jafnvel ekki í kynferðisbrotamálum þar sem oft reynist effitt að sanna að brot hafi átt sér stað. Nýleg dæmi sýna að áaskanir í kynferðisbrotamálum hafa ekki reynst réttar.“



**ATLI GÍSLASON**  
„Refsingar eru að þyngjast í kynferðisbrotamálum en það er eins og það gerist í hænuskrefum. . . Það er eindregin skoðun mín að líta eigi á andlegar afleiðingar kynferðisofbeldis sem sönnun um að það hafi átt sér stað.“





## Rannsóknir á siglingataekni á víkingaöld:

# Líkur á notkun sólarsteina

Vísindamenn við Eötvös-háskólan í Búdapest hafa rennt frekari stöðum undir kenningar um að norrænir menn hafi á víkingaöld notað svonefndan sólarstein sem hjálpartæki til að halda áttum á siglingum sínum um heimsins höf.

Seguláttavitinn var ekki fundinn upp fyrr en löngu eftir lok víkingaaldar, svo að lengi hefur það verið mönnum ráðgáta hvernig hinir víðförlu víkingar fóru að því að halda áttum, einkum og sér í lagi á dögum þegar ekki sá til sólar.

Vitað er að víkingar notuðust

við sólarhæðarmæli úr tré, svo-  
nefnda húsasnotru, eins og Páll  
Bergþórsson hefur eftir Græn-  
lendingasögu, en því siglinga-  
tæki var aðeins hægt að beita á  
meðan sólar naut.

Nú hafa Ramón Hegedüs og kollegar hans við Eötvös-háskóla í Ungverjalandi gert tilraunir með sólarstein, kristal sem brýtur ljós á hátt sem gerir kleift að lesa úr hvaða átt sólin skín úr. Steinin notuðu þeir sem áttavítar á siglingu um Norðurhöf og birtu niðurstöður sínar í vefriti vísindamátisins *Proceedings of the Royal Society*, en frá þeim er

sagt á fréttavef Der Spiegel.

Í stuttu máli komust Hegedüs og félagar að því að hægt er að beita sólarsteini þegar skýjað er, svo fremi sem ekki er of háskýjað og sólin skín ofan á skýjahuluna.

Í samtali við Fréttablaðið bendir Páll Bergþórsson á að norskættaður Bandaríkjamaður, Leif Karlsen, hafi einnig gert tilraunir með sólarstein fyrir bók sem hann skrifaði um siglinga-tækni víkinga.

Páll segir best að lesa af slíkum steinum við sólarupprás og sólarlag. Hann telur þá því hafa

getað nyst sem hjálpar-siglinga-  
tæki, en húsasnotran hafi verið  
mikilvægari til að ákvarða hnatt-  
stöðu og stefnu skips.

Sólarsteins er getið í fornsög-  
unum, en enginn slíkur steinn  
hefur fundist við fornleifaupp-  
gröft svo vitað sé. - aa

- aa

**LANGSKIP** Víkingaskipið Íslendingur sem siglt var vestur um haf árið 2000.

FRÉTTABLAÐIÐ/KÖ



## NÁMSKEIÐIÐ

# MARKVISS STARFSMANNASTJÓRNUN

Í náminu markviss starfsmannastjórnun er lögð áhersla á að efla þátttakendur á sviði faglegrar starfsmannastjórnunar. Fyrirtæki og stofnanir geta keypt eitt eða fleiri námskeiðssæti sem starfsmenn deila með sér.

## Námið skiptist í eftirfarandi hluta

- Starfsmanna- og þekkingarstjórnun
- Starfsmannaval og móttaka nýliða
- Kjaramál og samningatækni
- Vinnustaðavandamál
- Frammistöðumat og umbun
- Fyrirtækjabragur og starfsánægja
- Heilsufar og streita
- Starfsþróun
- Viðtalstækni, ráðgjöf og starfslok

## Áherslur í þjálfun hjá CAPACENT

- Þjálfunin sé hagnt og taki mið af þeim aðstæðum sem þátttakendur þekkja.
- Þátttakendur fái þjálfun í þeim þáttum sem verið er að kenna.
- Efnistöð séu í tengslum við íslenskan raunveruleika.

## Verð og lengd námskeiðs

Námið hefst 15. mars 2007. Námið byggist á 9 námskeiðshlutum og er í heild 72 klst. Verð: 225.000 kr.

Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.

Skráning og nánari upplýsingar á [www.capacent.is](http://www.capacent.is), [namskeid@capacent.is](mailto:namskeid@capacent.is) eða í síma 540 1000.

## Ávinningur þátttakenda og fyrirtækja er:

- Skilningur á mikilvægu hlutverki mannauðs- og þekkingarstjórnunar fyrir árangur fyrirtækja.
- Þekking og þjálfun í að nota tilteknar aðferðir við starfsmannaval.
- Þekking á ástæðum og ferli nýliðabjálfnunar og gerð þjálfunaráætlun fyrir nýliða.
- Þekking á undirstöðuatriðum frammistöðustjórnunar og starfsmannasamtala og geti sett upp slík kerfi á sínum vinnustöðum.
- Skilningur á tengslum hvatningar við starfsánægju, frammistöðu, áhuga og starfsval.
- Þekking á helstu aðferðum og kenningum um starfsþróun og starfsframa og geti nýtt sér þær í eigin starfi.
- Kunnátta í markvissri skipulagningu fræðslustarfs innan fyrirtækja.



capacent

# ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM





Úr Fiskborði Nóatúns

**37%** afsláttur

FISKIBOLLUR ÚR FISKBORÐI

**598** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

**Þú sparar 200** kr. kg

KJÖTFARSBOLLUR Í BRÚNNI SÓSU

**699** kr. kg

## Nýtt kjötfars úr kjötborði!



Úr Kjötborði Nóatúns

NÝTT KJÖTFARS ÚR KJÖTBORÐI

**498** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

SALTÐ KJÖTFARS ÚR KJÖTBORÐI

**498** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

SÆLKERA KJÖTFARS ÚT KJÖTBORÐI

**598** kr. kg



**Allt sem þú þarft fyrir bolludaginn í Nóatúni!**





# Saltkjöt

## fyrir sprengidaginn!

Allt að  
**50%**  
afsláttur

GOÐA HÁLSA- OG SÍÐUBITAR  
FYRIR SPRENGIDAGINN

Verð frá:  
**74** kr.  
kg

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

NÓATÚNS SALTJÖT  
SÉRVALIÐ ÚR KJÖTBORÐI

**1.698** kr.  
kg

NÓATÚNS SALTJÖT  
BLANDAÐ

**899** kr.  
kg

## Allt sem þarf fyrir sprengidaginn!

rófur

gulrætur

laukur

kartöflur

Verði ykkur að góðu!



Hvaða óhamingja hrjáir unglingana okkar?

# Annarra manna börn

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Samkvæmt nýrri samanburðarrannsókn Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sér þriðjungur fimmtán ára unglinga á Íslandi enga framtíð í starfsmenntun, telur sér áskapað að vinna láglæðingastörf sem útheimta enga menntun. Metnaðarleysi unglinganna er ískyggilegur vitnisburður og ætti að skekja ráðuneyti menntamála og vekja stórar spurningar í Sjálfstæðisflokknum sem höndlað hefur með skólamáli hátt á annan áratug: þeim flokki sem leggur ríkasta áherslu á frumkvæði og sjálfsbjörg einstaklinganna.

Í tali nýfrjálshyggjumanna er starfsleg og félagsleg vangeta afgangsstærð og er sjaldan rædd: þessir krakkar eru lúserar: þeir sem ekki komast af í hinna frjálsu samkeppni. Og er ekki örgrannt um að gert sé ráð fyrir þeim í heimsmynd nýfrjálshyggjunnar, tiltekinn hópur þegnanna skal undir, svo kristilegt sem það nú er.

Það er hending að skýrsla Barnahjálparinnar um stöðu barna og unglinga í ríkustu ríkjum heims skuli koma fram þegar hula er dregin af örlögum barna sem voru mest afskipt á eftirstríðs-árunum á Íslandi: draugar fortíðarinnar úr opinberri framfærslu barna sem tekin voru af forsjáraðilum og vistuð hjá vandalausum eða á svokölluðum vistheimilum. Kleppjárnshyggja, Kumbhavogur, Reykjahlíð, Silungapollur, Kópavogur, Bjarg, Breiðavík eru svartir blettir í íslenski samfélags sögu. Og þá er ekki enn farið að kafa ofan í örlög þeirra barna sem voru vistuð hjá vandalausum, hreppsómaga síðustu aldar. Ekki er enn spurt um almennar orsakir þess að börn voru tekin af heimilum sínum. Þar er skýringa að leita í félagslegri eynd, fátækt, menntunarskortir og gæfuleysi. Við erum ekki enn farin að horfast í augu við fylgifyrsta félagslegs óréttlætis liðinnar aldar nema í litlum mæli.

Þó blasir við að þetta kerfi varð ekki til í tómarúmi: það þótti vel gert að koma börnum fyrir hjá góðu fólki sem bjó yfir mismikilli hjartagæsku en hafði það sameiginlegt að hafa enga menntun til að sinna börnum frá brotnum heimilum. Flestu af því fólki gekk gott eitt til: á einkaheimilum var barnið búð, á vistheimilum var börnum hrúgað inn í húsnæði hugsuðu til annarra nota. Af öllu málinu lýsir vangeta og skilningsleysi stjórnvalda. Það sjáum við nú.

Upprifjun þessa tíma kallar á að menn líti sér nær: hvað er að gerast í málefnum barna og unglinga í dag: vistuð börn á heimilum og hjá einstaklingum sem enn þekkist, aðstaða barna í geðheilbrigðisferfinu, hagar hinna fötluðu, þessir málaflokkar eru eitt. Annað eru börnin sem eru í reiðileysi í skólakerfinu, á götunum og heima hjá sér eftir starfsdaginn langa sem við státum okkur af. Börnin sem starfsmenn Barnaverndar veigra sér við að sækja inn á brotin heimil nema með lögregluvernd. Öll eru þau börnin okkar.

Það eru þau sem eru að brjóta inn sér til skemmtunar, vinna skemmdarverk á annarra eigum sér til fróunar á dimmum kvöldum. Þau leika sér með líf sitt og annarra í kappakstri að næturþeli við laganna verði. Og þegar þau verða aðeins stærri bryðja þau amfetamín og aðra ólyfjan í skemmtiborg villta tryllta Villa sem er skuggahliðin á góða gamla Villa, eins og hann kys að kalla sig.

Að þriðjungur fimmtán ára unglinga sjái enga leið í lífinu en að ganga beint inn í láglæðingastörf með lágmarksmentun með upp-þjöfina eina í farareyri er brýnn vandi sem verður að greina betur og bregðast við. Annars verður vandi þeirra, annarra manna barna, barnanna okkar, stór baggi í nánustu framtíð, fullur af ljótari myndum og grimmar sögum en við þekkjum nýlega frá liðinni öld.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



## ABC-kort

Hjálpaðu bágstöddum börnum og njóttu afsláttar í leiðinni



Með ABC-kortinu færðu 5% afslátt í verslunum Lyfju um land allt og 1% af upphæðinni rennur beint til ABC-barnahjálpar (afslátturinn á einnig við lyfseðilsskyld lyf).



Þú sækir um ABC-kortið hjá Netbankanum á [www.nb.is](http://www.nb.is)



## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Wagner truflar ekki

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra virðist vera að ná heilsu á ný eftir að lunga hans féll saman. Um sjúkavist hans má lesa á heimasíðu hans en þar hefur hann meðal annars sagt frá því hvernig hann stytir sér stundir á spítalanum en tónlist Wagners gegnir þar stóru hlutverki. Björn hafnar fullyrðingum



Bláðsins um að hann hafi raskað ró annarra á spítalanum með hávaða. „Ekkert hefur verið fjær mér en trufla sjúklinga með hávaða eða á annan hátt - og á Wagner hef ég hlustað í

heyrnatakjum, síðan ég hóf að stytta mér stundir í sjúkralegunni á þennan hátt.“

### Réttarhöldin

Björn er kunnur fyrir þekkingu sína á kvikmyndum og tónlist. Innan íslenska dómskerfisins virðast þó fleiri vera sem njóta hámenningar. Það er ekki að ástæðulausu að fjölmiðlar eru hættir að fjalla um Baugsmálið efnislega. Réttarhöldin líkjast nú svo furðulegum farsa að flestir sjá sér ekki annað fært en að setja þá sem að þeim koma í hlutverk persóna og leikenda. Þykir mörgum sem eitt lykilverka



Kafka, Réttarhöldin, séu orðin létt og auðskilin lesning í samanburði við réttarhöldin yfir Baugsmönnum.

### Dómar almenning

Ef til vill væri þó réttara að líkja réttarhöldunum yfir Baugsmönnum við óperur Wagners sem almenning þykir oft æði langar og leiðinlegar. Spurning hvort dómsmálaráðaherra nýtur réttarhaldanna, sem flestum þykja einnig orðin löng og leiðinleg jafn mikið og hann nýtur tónlistar Wagners. Það er gott að Wagner er ekki spilaður á kostnað væðar sjúklinga og starfsmanna spítala en réttarhöldin eru vissulega á kostnað almenninga.

karen@frettabladid.is

# Hið karlæga kvenelti

Af formönnum flokkanna eru af fjórir karlmenn og ein kona. Af umræðunni mætti hinsvegar halda að Ingibjörg Sólrún væri eini flokksformaðurinn á Íslandi. Getur það verið vegna þess að hún er kona? Það hvarflar jafnvel að karlmanni. Eða hafa karlformennirnir verið að standa sig í vetur? Hafa þeir sett á dagskrá lækkan matarverðs, uppstokkun landbúnaðar eða hugsanlega upptöku evru? Hafa þeir mótað flokkum sínum nýja stefnu í umhverfismálum eða nýsköpun atvinnulífs? Hafa þeir þorað að tala um Baugsmálið?

Samkvæmt skoðanakönnunum færast Jón Sigurðsson sífellt lengra inn í Byrgið. Steingrímur J. hefur misst flokk sinn í háðulegar samþykktir í bæjarstjórnunum, skilar auðu í landbúnaðar- og matarverðsmálum og hefur að auki verið afhjúpaður sem karlreimbi í nýlegri bók. Guðjón Arnar fórnaði sinni bestu konu fyrir verstu stefnumál íslenskra stjórnmála og Geir H. Haarde hefur að mestu verið ósýnilegur sem forsætisráðherra þar til hann skaut övænt upp furðu karlreimbulegum köllu um liðna helgi. Þó hefur honum tekist að lauma inn arfavöndum málum eins og endurnýjun sauðfjársamnings.

Því er spurt: Hafa fjórmenningarir verið að standa sig betur en konan? Ég á erfitt með að sjá það. Samt sem áður hefur dunið á okkur áróðurinn gegn henni dag og nótt, úr öllum hornum bloggs og blaðurs.

Vagninn dregur það litla fuglshjarta sem felur sig í nafninu Staksteinar. Á liðnu ári fjallaði það 62svar sinnum um stjórnanarstöðuna. Af þeim dalkum voru 50 helgaðir Samfylkingu. Helmingur þeirra innihélt árástir á Ingibjörgu Sólrúnu. Á móti var einungis þrisvar fjallað um Geir H. Haarde. Og eftir þessu litla höfði dansa



HALLGRÍMUR HELGASON  
Í DAG | Stjórnmál

aðrir fuglar. Þeirra á meðal er eini hrafn landsins sem hegðar sér eins og rjúpa og skiptir flokkum eftir árstíðum. Þannig tókst honum að starfa í tveimur prófkjörum Samfylkingar á liðnu ári en styðja annan flokk í kosningunum þar á milli. Og daginn eftir seinna prófkjörin skipti fuglinn litum á ný og steig sigurdans á bloggsíðu sinni yfir því að formaðurinn hefði ekki hlotið nema 70% atkvæða í fyrsta sætið. Hver þarf andstæðinga þegar hann hefur slíka krunkandi blárjúpu á öxlinni? Steininn tók þó úr þegar einn födur fornbókasali, ljúfasti maður landsins, gekk í kveneltiskórinn og kallaði Ingibjörgu Sólrúnu „vargatítlu“ í grein í Morgunblaðinu. Orðabókin gefur skýringu á því orði: „Smáxaxin, frek kona.“

Af og til fá þessir karlar þó mórál yfir kveneltinu og hella þá hrósi yfir ungar konur í pólitík. Með því að lyfta mörgum smáum skal skyggt á þá stóru. Þetta er taktík sem Staksteinar kann listavel. Önnur skyld aðferð er að fagna framgangi kvenna allstaðar nema á eigin heimili. Í miklum Kvaksteinum var því fagnað að senn sætu konur á forsætisstóli í Þýskalandi, Frakklandi og Bandaríkjunum en þess vandlega gætt að minnast ekki á Ísland. Og á dögnum tókst Morgunblaðsvofunni jafnvel hið ómögulega: Að slá sig til riddara í augum feminista og koma höggi á hæstarétt (í hefndar-

skyni fyrir Baugsmálið) í einni og sömu réttinni. Í kjölfarið loguðu allar bleikar bloggslóður Hádegismóra til dýrðar. Sá má hafa hlegið datt í dula sinni.

Ingibjörg Sólrún á því við ýmislegt að etja: Forynjur með fuglshjarta, bláköflóttar rjúpur og fornföla bóksala. Á dögnum bættist svo við heimilisfæðirinn sjálfur og virtist þá kveneltið komið í óþekktar hæðir. Gamla flokkakljúfsgenið tók sig óvænt upp í sjálfum nestori Samfylkingar sem vildi kljúfa vinstri menn í sautjanda sinn. Framboðsórðið virkaði þó ófugt á kjósendur sem fylktu sér á bak við hina karleltu konu. Og síðan hefur ekkert heyrst af Sautjándu sundrunu jafnaðarmanna, SSJ.

En hvað gera konur við kvenelti? Á sínum miklu póstlistum skrifa þær dagana langa um allt það bøl sem kynjagleraugun fá séð—allt frá karlreimbuvíðhorfum slúðurdálka til komandi klámþinga—en minnst þó aldrei á þau víðhorfael sem ganga yfir fremstu kynsystur þeirra, þá sem beittu höfði klýfur vindinn sem sífellt er leystur gegn henni. Þaðan af síður koma þær til varnar einu konu landsins sem á möguleika á því að verða fyrsti kvenforsætisráðherrann. „Þær konur sem ekki standa með konum eiga frátekið herbergi í helvíti,“ kvað Madeleine Albright.

Þótt margir heitir feministar hyggist kjósa aðra flokka ættu þeir að muna að gott gengi Ingibjargar Sólrúnar er stærsta kvennamalið. Og kvennamál eru stærstu mál tímans. Því þótt ekki væri nema fyrir þá einu staðreynd að manneskjan er kona eignum við að koma henni í stjórnanaradið. Það er hreinlega kominn tími til að kvenlæg víðhorf fylli það hús. Konur okkar, dætur og mæður eiga það skilið.

Hið karlæga kvenelti er karlægt hvort eð er.

# Hverjir eiga Ísland?

## UMRÆÐAN

Þjóðlendum

Þórir N. Kjartansson sendir mér tital vegna greinar sem ég skrifaði í Fréttablaðið 5. febrúar s.l. Merkilægt verður að teljast að í andsvari sínu fjallar Þórir ekki á nokkurn hátt um kjarna málsins í gagnrýni minni á ósanngjarnar kröfur Samtaka landeigenda. Samtök landeigenda krefjast þess að lögum um þjóðlendum verði breytt, þannig að ríkisvaldið geri ekki kröfur í jarðir með athugasemdaleusum þinglýstum landamerkjabréfum. Eins og ég bendi á í pistil mínum, þá tryggðu margir landeigendur sér meira land en þeir höfðu rétt til við landskiptagerðina 1882 og raunar einnig fyrir þann tíma.

Hvað varðar ósmekklegar dylgjur Þóris í garð okkar, skotveiðimanna, er hann segir: „Fæstir vilja þá að Sigmar og skotveiðimenn hans vaði yfir lönd þeirra og skjóti þar allt sem hreyfist án leyfis.“ Ég vil upplýsa Þóri um að íslenskir skotveiðimenn eru upp til hópa löghlýðnir borgarar. Kætur og dómar vegna ólöglegra skotveiða eru afar fágætir, líklegast innan við 10 á ári. Það er athyglisvert ef það er haft í huga að um 8.000 manns stunda skotveiðir hér á landi. Hins vegar verðum við, skotveiðimenn, iðulega fyrir yfirgangi



SIGMAR B. HAUKSSON

landeigenda og sveitafélaga. Sem dæmi má nefna að s.l. haust auglýstu landeigendur í Borgarfirði og sveitafélagið Húnaþing bann við rjúpnaveiðum á svæðum sem sannanlega eru almenningur og öllum heimilaðar veiðir á. Hvað varðar kröfur ríkisins í þjóðlendumálum, þá gerum við þá sjálfsögðu kröfu að fjármálaráðherra gæti hagsmuna allra Íslendinga, ekki bara landeigenda.

Það er staðreynd, hvort sem mönnum líkar það betur eða ver, að 93% Íslendinga búa í þéttbýli. Íslendingar sem ekki eru landeigendur eru því stór meirihluti þjóðarinnar. Vitaskuld ber þó ríkinu að taka tillit til skoðana minnihlutans, sem í þessu tilviki eru landeigendur. Ég fæ ekki betur séð en að það hafi fjármálaráðherra gert.

Landeigendur ættu að geta verið nokkuð öruggir um sannanlegan eignarrétt sinn því kröfur ríkisins fara í gegn um þrjú úrskurðar- og dómsstigi; óbyggðanefnd, héraðsdóm og hæstarétt.

Er til of mikils mælt að gera þær kröfur til landeigenda að þeir geti sannað á öyggjandi hátt hvernig þeir hafa eignast jarðir sínar? Ég held ekki. Ég er sannfærður um að flestallir Íslendingar séu sama sinnis.

Höfundur er veiðimaður og býr í Reykjavík.



Spilendur Nintendo Wii eiga það til að missa fjarstýringuna í hita leiksins, eyðileggja sjónvörp og slasa sig og aðra. [www.wiihaveaproblem.com](http://www.wiihaveaproblem.com) fylgir þessu máli eftir.

## GRÆJUR 2



Marga hefur án efa dreymt um að vera með nýjstu James Bond græjurnar og fá farsíma í úrið. Nú getur sá draumur orðið að veruleika.

### GRÆJU 3



# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

**[GRÆJUR]**

**Veiruvanafyrirtækið McAfee**  
gerði nýlega rannsókn, þar  
sem kom á daginn að tölvu-  
veirur höfðu sýkt 83 prósent  
þeirra farsíma sem fyrirtækið  
rannsakaði. Nánar um rann-  
sóknina: [www.pcmag.com](http://www.pcmag.com)

**The World of Warcraft**  
tölvuleikurinn á sér marga  
aðdáendur um heim allan.  
Þeir sem vilja fá ráð um nýjar  
leiðir í spilinu geta hitt aðra  
aðdáendur og séð ráð þeirra  
á þessari netsíðu: [www.wow-  
underground.com](http://www.wow-<br/>underground.com)

**Minnisskortur** á stafrænum  
tækjum svo sem í sínum,



mun ódýrara en úti í búð.  
www.memorysuppliers.com

# GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn  
19. febrúar, 50. dagur  
ársins 2007.**



|           | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|-----------|-------------|--------|----------|
| Reykjavík | 9.11        | 13.42  | 18.14    |
| Akureyri  | 9.02        | 13.26  | 17.51    |

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími  
**550 5000**

Auglýsingasími Allt  
**550 5880**

Þú getur pantað  
smáauglýsingar á [visir.is](http://visir.is)

Magnús Bergsson, markaðsstjóri CCP, segir góða afspurn og stöðuga þróun lykilinn að velgengni CCP.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Hver tölvuleikur er fjögur ár í framleiðslu

*Að baki fjölsþilunartölvuleikjum liggja mörg hundruð blaðsíðna handrit sem slá kvikmyndahandritum algjörlega við. Frá því að fyrsti stafurinn kemur á blað þar til fyrsti spilarinn skráir sig inn í sýndarheiminn líða allt að fjögur ár.*

Hvernig verður tölvuleikur til sem tugir, ef ekki hundruð, þúsundir spila á hverjum degi? Öld tölvusnillingsins sem sest niður fyrir framan tölvu, forritar Donkey Kong, græðir milljónir og borgar stærsta glæpamanninum fyrir að lemja hrekkjusuvið síðan í barnaskóla, er liðin. Nú er tölvu-

leikjaframleiðslan í höndum stórra fyrir-  
tækja þar sem fjöldi teiknara, hönnuða, og  
forritara vinna saman.

„Þetta byrjar með handriti sem er nokkur hundruð blaðsíður. Þar er söguþræði lýst, umhverfinu, persónum og í raun öllu sem við kemur heiminum sem tölvuleikurinn fer fram í,“ segir Magnús Bergsson markaðsstjóri CCP. „Gerð handritsins tekur heilangan tíma, eða um eitt ár, enda er það einglega það mikilvægasta við hönnunina á leik.“

Handritasmíði er ekki eins manns vinna heldur verk sem fjölmargir koma að. Auk leikjasmíðsins (eða leikjasmíða) hafa teiknarar og aðrir listamenn mikið að segja um útkomuna.


Framhald á síðu 2

speedo  puma 

**50-70%**  
**AFSLÁTTUR**  
**AF ÖLLUM VÖRUM**  
**KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP**



**Puma Kart Cat II V - 2.990 kr.**  
Rétt verð: 4.990 kr.  
Stærðir 28-35



**Opnunartímar:**  
Virkir dagar kl. 12 – 18  
Laugardagar kl. 12 – 16

# SPORT OUTLET

Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík

# FEBRÚAR

# Kafbátur mánaðarins

# PIZZABÁTUR

*...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða*

**6 tommu  
bátur kr. 329**

Gildir í febrúar 2007  
Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir ekki í Stjórnumáli

The Subway logo, featuring the word "SUBWAY" in a stylized, italicized font. The letters "SUB" are white with a green outline, and the letters "WAY" are yellow with a green outline. The logo is set against a background of a Subway sandwich.





**10% KYNNINGARAFSLÁTTUR**  
Vorur að taka inn lykklaborð af ýmsum gerðum frá stærsta lykklaborðaframleiðanda heims, Chicony.

**Chicony USB lykklaborð**  
Íslenskir stafir ábrenndir  
Verð aðeins **1.611 kr.**

**Chicony USB þráðlaust lykklaborð + þráðlaus mús**  
Íslenskir stafir ábrenndir  
Verð aðeins **3.510 kr.**

**Tæknibær**  
Skiopholti 50c · Sími 551 6700 · www.tb.is



Persónur, farartæki og allt umhverfi tölvuleikja er fyrst teiknað upp og hannað af teiknum og öðrum listamönnum. Svo taka forritarar við og glæða teikningarnar lífi.  
MYND: EVE ONLINE

## Andvökunætur og háir staflar af pítsukössum

*Heilmikil vinna liggur að baki hverjum tölvuleik en fyrsta skrefið er að skrifa handrit. Handritasmíði er ekki eins manns vinna heldur verk sem fjölmargir koma að. Framhald af forsíðu.*

Handritið er í stöðugri þróun, karakterar og umhverfi er teiknað upp á nýtt, sumu hent og öðru bætt inn í. Eftir óteljandi vökunætur, himinháa stafla af pítsukössum, vinslit og sættir, kemur loks í ljós lokamynd sem allir eru sáttir við. Einungis þá er hægt að hugsa út í tæknilega framkvæmd leiksins.

Þegar hingað er komið taka forritarar völdin. „Þeir setjast niður með öðrum í fyrirtækinu, finna tæknilegar lausnir og endanleg hönnun leiksins er ákveðin. Þá fyrst er hægt að byrja að forrita,“ segir Magnús. „Forritunin sjálf tekur allt að þrjú ár þannig að í heildina getur verið tekið fjögur ár.“

Þetta á við um fyrstu leiki fyrirtækja á nýjum vettvangi með nýja graffíkvél. Síðari leikir, sem byggja á sömu tækni, taka mun skemmri tíma í framleiðslu og



Hugmyndavinnan við hvern leik er gríðarleg og liggur mörg hundruð blaðsíðna handrit fyrir áður en byrjað er að hanna útlit leiksins.  
MYND: WORLD OF WARCRAFT

munar þar mest um styttri forritunartíma. „Ef við tökum CCP sem dæmi þá erum við að hanna nýjan fjölspilunartölvuleik, World of Darkness. Hann byggir á öðru konsepti en EVE, en þar sem við eigum graffíkvél og miðlaratækni (server-tækni) verður forritunin mun auðveldari og fljótvirkari.“

Margir segja að þegar leikur er

tilbúinn byrji verkefnið fyrir alvöru. Markaðssetning, dreifing og samkeppni skipta engu minna máli en leikurinn sjálfur. Þetta er vissulega rétt og með góðum leik og réttri markaðssetningu má nálgast gróða sem kvikmyndafyrirtækin í Hollywood geta einungis látið sig dreyma um.

tryggvi@frettabladid.is

## Viltu breyt'eikkurru?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

**BlogCentral.is**  
Stæsta bloggssamfélagið á Íslandi

**visir**

www.visir.is

**FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR**



### Gmail ókeypis fyrir alla

GOOGLE BÝÐUR NÚ ÖLLUM UPP Á ÓKEYPIS GMAIL-NETFANG MEÐ 2,8 GÍGABÆTA GEYMSLUMINN

Loksins geta allir fengið Gmail, hvort sem þeir fá boð frá vinum sem þegar eru með netfang eður ei.

Google stofnaði Gmail árið 2004 og hefur frá upphafi reynt að halda ruslpósti niðri sem lið í auknu netpóstaöryggi. Að sögn talsmanna Google verður áfram stefnt á að halda ruslpósti fjarri notendum, enda er ruslpóstur það sem oft pirrar notendur ókeypis netfanga mest. Geymsluminni Gmail er 2,8 gígabæt og þjónustan er öllum að kostnaðarlausu.

Nánnar: www.google.is

## Míní minniskubbur

*Umfang minniskubba fer ávallt minnkandi. Færri eru þó smærri en nýjasti kubburinn frá OCZ.*

Hjá versluninni Tölvuteki við Borgartún 33 má finna margt sniðugt enda verslunin ný af nálinni, var opnuð í desember síðastliðnum. Eitt af því sem hefur notið talsverðra vinsælda er örsmár minniskubbur sem hefur samt eins gígabæta USB2 háhraðaminni. Kubburinn er varla meira en einn sentimetr og lokast inni í plasthulstur sem ver hann fyrir hnaski. Skúli Axelsson



verslunarstjóri segir minniskubburinn hafa vakið talsverða athygli. „Það má í raun segja að þeir sem sjái hann, kaupi hann,“ segir Skúli og telur kubburinn henta mjög vel þeim sem starfa mikið við tölvur og þurfa að færa gögn oft á milli tölva.

Kubburinn er frá fyrirtækinu OCZ sem Skúli segir framleiða gæðatækni. Til dæmis séu skjákortin frá þeim öll með lífstíðarábyrgð.

Minnislykillinn geymir 1 gígabæt og má auðveldlega festa á lykklappu.





James Bond hefur lengi verið með síma í úrinu sínu. Núna geta allir fengið sér M300 og verið smart eins og Bond, James Bond.

## Farsími í armbandsúrinu

Marga hefur án efa dreymt um að vera með nýjustu James Bond græjurnar og fá farsíma í úrið. Nú getur sá draumur orðið að veruleika.

Ástralska fyrirtækið SMS Technology hefur kynnt til sögunnar úr með farsíma sem nefnist M300. Síminn hefur 64 megabita minni og getur spilað MP3-skrár. Rafhlaða

M300 endist í 80 klukkutíma, er 45 grömm að þyngd og skartar kringlöttum OLED-skjá sem er aðeins 2,54 sentimetrar að þvermáli. Síminn er þegar kominn á markað víða um heim meðal annars í Bretlandi þar sem verðið er um 35.000 krónur íslenskar. Þetta kemur fram á danska vefnum PCworld. Ekki er stefnt á markaðssetningu M300 á Norðurlöndunum. Sjá www.pcworld.dk.



### Björgólfur í farsímabransann

NÝR RISI Á FARSÍMAMARKAÐI?

Novator er eitt þeirra fyrirtækja sem hefur sótt um tíðniheimild fyrir þriðju kynslóð farsíma hérlandis. Fyrirtækið er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar. Novator er símarisi í Austur-Evrópu og miðað við þann markað er íslenski markaðurinn sem sandkorn á strönd. Það er því engu líkara en um áhugamál sé að ræða hjá Björgólfi. En hver veit? Kannski er hægt að græða á Pólverjum sem hringja heim.

## Með flughermi heima hjá sér

ÁSTRALINN MATTHEW SHEIL SMÍÐAÐI FLUGHERMI Á ÁTTA ÁRUM.

Áhugamálin eru jafn mismunandi og þau eru mörg. Sum eru líka dýrari en önnur og því hefur Matthew Sheil fengið að kynna. Síðustu átta ár hefur hann dundað sér við að smíða fullkominn Boeing 747 flughermi. Kostnaðurinn við flugherminn er rúmlega 16 milljónir króna en Sheil hefur í engu sparað. Öll tæki og allir takkar eru á sínum stað, hermiforritið er eitt það fullkomnasta í heiminum og tekur það mið af veðráttunni eins og hún er í raunveruleikanum.

Til að kóróna allt er hermiklefinn á vökvadælum sem líkja eftir holum í flugbrautinni, dýfum og beygjum og sviptivindum.



Flughermirinn hefur kostað Sheil rúmar 16 milljónir.



Glóðuraugu af völdum Wii eru fjölmörg og ónýt sjónvörp enn fleiri.

## Wii have a problem

Spilendur Nintendo Wii eiga það til að missa fjarstýringuna í hita leiksins, eyðileggja sjónvörp og slasa sig og aðra. [www.wiihaveaproblem.com](http://www.wiihaveaproblem.com) fylgir þessu máli eftir.

Í hamaganginum sem fylgir notkun Nintendo Wii hefur komið í ljós að öryggisólin sem festir fjarstýringuna við hönd spilarans, var ekki nógu sterk. Þetta gerði það að verkum að missti leikmaður fjarstýringuna (sem gerðist mjög oft)

var voðinn vís. Brotin plasmásjónvörp, ónýt húsgögn, brotnir líkamspartar og glóðuraugu. Nintendo brást við með því að styrkja ólina og hvetja leikmenn til að spila af varkárni. Hin stórskemmtilega heimasíða [www.wiihaveaproblem.com](http://www.wiihaveaproblem.com) safnar myndum af skemmdunum, auk þess að fjalla um leiki og annað sem við kemur vélinni. Þeir sem hafa áhuga á tölvunni, og þeir sem vilja hlæja að hrakförum annarra, geta skemmt sér stórvel við að skoða þessa síðu.

-tg



seljum öll líkamsræktartæki úr sýningarsal með allt að **35%** afslætti

Rýmum til fyrir reiðhjólunum... því vorið nálgast

Taktu á því með tækjum...  
**ÖRNINN**

STOFNAÐ 1925  
Skeifunni 11d, Sími 588 9890  
Verskstæði Sími 588 9891  
[www.orninn.is](http://www.orninn.is)

Opið laugard. 11-15 Visa- og Euroraðgr.

**SCHWINN PRO-FORM NordicTrack™ CIBEX NAUTILUS™**

### Hvað eiga MSI og Swarovski kristallar sameiginlegt?

Frábær fyrir augað og frábær gæði.

MSI Crystal Collection er ein flottasta fartölvan á markaðnum í dag, sérstaklega vel útbúinn fartölva sem er skreitt með 130 Swarovski kristöllum.

Vilt þú gæði og gott útlit?  
Þá velur þú MSI Crystal Collection

|               |            |     |              |          |
|---------------|------------|-----|--------------|----------|
| Tölvulistinn. | Nóatúni    | 17  | Reykjavík.   | 414 1700 |
| Tölvulistinn. | Glerárgötu | 36  | Akureyri.    | 414 1730 |
| Tölvulistinn. | Hafnargötu | 90  | Keflavík.    | 414 1740 |
| Tölvulistinn. | Miðvangi   | 2-4 | Egilsstaðir. | 414 1735 |

## AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](http://visir.is) ]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000  
[smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA 8-18  
UM HELGAR 11-16



**BÍLA  
BORG**

Stórhöfði 26  
við Gullinbrú  
Sími: 517 1111



Hilmar Hölmgeirsson  
864 6003  
[hilmar@bilaborg.is](mailto:hilmar@bilaborg.is)



Ástmar Ingvarsson  
696 1001  
[hilmar@bilaborg.is](mailto:hilmar@bilaborg.is)



Bjarni  
822 5566  
[hilmar@bilaborg.is](mailto:hilmar@bilaborg.is)



BMW X5 4.4, árg.2001, ek.99þ, ssk, álfelgur, leður, ofl. ofl. Verð 3.990þ, áhv. 1.951þ.



Audi 4 1.8T Avant, árg. 02/02, ek. 78þ, ssk, álfelgur, Verð 1.990þ.



VW Polo Basicline, árg. 05/04, ek. 37 þ, 5 gíra, Verð 1.090þ.



Dodge Durango 4WD, árg.2005, ek. 49þ., ssk, álfelgur. Verð 3.590þ., áhv. 2.590þ.



Ford Escape 4WD XLT, árg. 2002, ek. 89þ., ssk, álfelgur, sóllúga, leður. Verð 1.990þ., áhv. 1.390þ.



Toyota Land Crusier 120LX, 35", árg. 03/05, ek. 39þ., ssk, sóllúga, A/T breyt- ing, Verð 5.490þ.



Ford Fiesta ST150, árg. 06/05, ek. 38þ., 5 gíra, álfelgur. Verð 1.690þ.



Ford Focus, árg. 08/99, ek. 106þ, ssk, álfelgur, Verð 650þ.



Hyundai Terracan, árg. 05/03, ek. 179þ, ssk, diesel. Verð 2.280þ., áhv. 1.580þ.



Nissan Titan 5.6 LE, árg. 2005, ek. 15þ, ssk, álfelgur, dráttarkúla, leður, ofl. Verð 3.790þ.



Renault Kangoo Express, árg. 10/06, ek. 57þ., 5 gíra. Verð 790þ.



M. Benz G400 CDI, árg. 04/04, ek. 98þ., ssk, álfelgur, sóllúga, leður ofl. ofl. Verð 8.900þ.



Ford Transit 300L Diesel, árg. 05/03, ek. 78þ, 5 gíra, Webasto. Verð 1.990þ. Áhv. 1.735þ. 29þ. á mán.



Nissan Pathfinder SE, árg. 01/06, ek. 21þ., 5 gíra, álfelgur, dráttarkúla, filmur, Verð 3.890þ. Áhv. 3.530þ.



Toyota Corolla 1.6VVTi, árg. 08/02, ek. 60þ., ssk. Ný kominn 60þ. km skoðun. Verð 1.190þ.



Nissan Pathfinder LE IT 2.5, árg. 09/05, ek. 23þ., ssk, leður, sóllúga, mp3 ofl. ofl. Verð 4.790þ.



Range Rover HSE 4.4 Umboðsbíll, árg. 01/03, ek. 75þ., ssk, leður, sóllúga ofl. Verð áður 6.390þ. Verð nú 5.990þ.



Hummer HU3, árg. 2005, ek.17þ., ssk, leður, álfelgur, dráttarkúla, sóllúga. Verð 4.900þ. Áhv. 2.100þ.



Toyota Land Cruiser 120LX 35", árg. 2003, ek. 125þ., ssk, álfelgur, dráttarkúla. Verð 4.250þ. áhv. 3.276þ.



Ford Explorer Sport Trac 4WD, árg. 03/02, ek. 87þ., ssk, álfelgur, leður, dráttarkúla. Verð 1.790þ. Áhv. 1.000þ.



Nissan Double Cab Diesel 33", árg. 10/04, ek. 59þ., 5 gíra, álfelgur, sóllúga, hús á palli. Verð 2.590þ.



Toyota Land Cruiser 90LXTD, árg. 11/98, ek. 195þ., 5 gíra, álfelgur, dráttarkúla. Verð 1.550þ. 100% lán.



VW Golf GL 1.4, árg. 09/99, ek. 183þ., 5 gíra, álfelgur. Tilboð 350þ.



Nissan Terrano, árg. 04/94, ek. 150þ., ssk, 33" dekk. Einn eigandi. Tilboð 250þ.



Jeep Grand Cherokee LTD, Overland, árg. 2003, ek. 46þ., ssk., álfelgur, leður, dráttarkúla ofl. ofl. Verð 2.890þ.



Nissan Terrano II, árg. 04/01, ek. 157þ., ssk, álfelgur, ný dekk, dráttarkúla. Verð áður 1.650þ. Tilboð 1.490þ.



Tökum að okkur öll almenn þrif fyrir eintaklinga og fyrirtæki. Skúris. S. 846 0864.

Garðyrkja

**Smágröfuleiga**

**Drenlagðir**

**Hellulagðir**

Tökum að okkur ahlíða iðnaðavinnu.

Upplýsingar í síma  
824 7565 Beppi  
696 6676 Bjóssi.

**Vetrarklippingar**  
Tökum að okkur klippingar og önnur garðverk. Sláttumenn. S. 846 0864.

Bókhald

**HSE Bókhald & Uppgjör ehf.**

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta

www.hsebokhald.is  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Fjármál

Fjárhags- og reksrarráðgjöf

Gerum tilboð í fjárhags og rekstrarráðgjöf að kostnaðarlausu. Uppl. í s. 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Ráðgjöf

Fjárhags- og reksrarráðgjöf

Gerum tilboð í fjárhags og rekstrarráðgjöf að kostnaðarlausu. Uppl. í s. 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Málalarar

**Þarftu að láta mála?**  
Ahlíða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 868 2310.

Búslóð aflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafli, fyrirtækjafl, plánöfl. o.fl. Extra stór bill. Flutningapj. Mikæls. S. 894 4560.

**Búslóðarflutningar**  
Plánó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108 & 692 7078.

Húsaviðhald

**Glerjun/gluggavíðgerðir! Móðuhreinsun glerja**  
Sjáum um öll glerskipti, víðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...

Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar strax í febrúar. Iðnaðarmannateymi vantar fleiri verkefni, smá og stór í feb. Erum röskir og þrifum eftir okkur. www.husverk.is S. 699 5678.



**BORTÆKNI**

**STEYPUSÖGUN KJARNABORUN MÚRBROT**

567-7570

**STEYPUSÖGUN KJARNABORUN**

MÚRBROT MALBIKSSÖGUN ÞRIFALEG UMGENGNI

**SAGTÆKNI ehf**

Barjarflöt 8, 112, RVK  
www.sagtaekni.is

567-4262 & 893-3236

**Viðhaldsvirkni Ehf**

S. 661 0117 & 690 9117

Málarameistarar, múrarak og smíðir, sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna. Svo sem málun utan sem innan. Sandspörslun. Steypu-múr uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum, tröppu- viðgerðum sem og margt fleira.

www.vidhaldsvirkni.is  
virkni@vidhaldsvirkni.is



**JIS**

Steinsögun & Kjarnaborun JIS

**Steinsögun**

- Veggsögun
- Gólfögun
- Rautfarsögun
- Malbikssögun

**Kjarnaborun**

- Lofttræstingu
- Rafmagnslögnum
- Vatns & hitalögnum
- & fleiru

Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu  
jorlingi@netnet.is S:659-6343



**Umhverfisprýði ehf**

Hellulagnir  
Veggheðslur  
Varmalagnir  
Sólpallar  
Grindverk  
Túnþökulagnir

Öll almenn jarðvegsvinna

S: 860 5418  
umhverfisprydi@yahoo.com

**Demantsdiskar og sagarblöð frá DIMO**

**DIMO**  
DISKAND PRODUCTS

**MÚRBÚÐIN**  
Byggingavörðunarlúsin í Árbænum  
Ketthúsi 7 - Sími: 544-5470

**ÓS verk**

Getum bætt við okkur verkefnum í innréttingauppsetningum, parketlögnum, flísalögnum og málun.

S. 662 1878

**HÚSAVIÐHALD**

Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl.

Vönduð vinna.  
HG viðhaldsþjónusta  
Nánari upplýsingar í síma 695 4661 & 892 2752.

**Húsaviðhald!**  
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Verktakar geta bætt við sig verkefnum í pípulægnum og trésmíði. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

Tek að mér minni smíða-viðgerða- og viðhalds verkefni. Kem strax! Sími 844 0599.

Teiknistofan Síðumúla 1 Húsaþeikningar, lagnaþeikningar, verkeikningar tækni-teiknun Byggingastjórn, eftirlit, ráðgjöf í síma 661 7280 & 898 8689.

Stíflubjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**

Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niður-töllum. Röramyndavefi þitt að staðsetja ákæmmdir í lögnum.

**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**

S. 892 7260 & 567 0530.

**Stíflubjónustan ehf**

S.5542255: 8965800

Stíflulosun-Röramyndun  
www.stiflutjonustan.is

Spádómar

**908 6116**

Er spákonan Sirrý Ástir - fjármál heilsa

Einkatímar í S.845 4009

**ALSPÁ**

Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbætur, NLP. Símaspá, einkatímar og. n.fl.

**445 5000**

FINN TÝNDA MUNI VISA EURO MASTERS

HANNA S. 555 2927

**SIMASPA TAROT DRAUMAR FYRIRBÆNIR**

ER VÍÐ 12-24 VISA / EURO

www.orlogalinn.is

**Örlaga línan**

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Ópið öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

**Kærleiks-ljósíð**

Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkula

Visa S. 566 7311 Euro

Laufey s. 823 7181

Símaspá  
Tarot  
Miðlun  
Fyrirbætur  
Árasspá

VISA / EURO

**Bella.is s. 5 67 07 57. EURO/VISA**

Spílaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. Kl. 16 - 24 virka daga og 18 - 24 laugardaga.

Bella.is

**www.tarot.is**  
Tarotnámskeið-Talnaspekinámskeið. Skrán. daglega. Uppl. á vef eða í s. 8680322. Hringdu núna!

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

**Englaljós 908 5050 eða 863 1987 Euro/Vís**

Er spennandi tími framundan? Miðlun, andleg leiðsögn, fyrirbætur, trúnaður. Löng reynsla. Er við alla daga frá 12-02. Lára spámiðill. 175 kr. mín.

Fjárhags- og reksrarráðgjöf

Gerum tilboð í fjárhags og rekstrarráðgjöf að kostnaðarlausu. Uppl. í s. 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Önnur þjónusta

**Tökum að okkur gróft á húsgrunnum.**  
Sjáum um allar mælingar. Fljót og góð þjónusta. Upplýsingar í síma 862 0530.







## ATVINNA

## Atvinna í boði

Employment agency seeks carpenters, general workers, electricians, iron binders, plumbers, masons, heavy duty drivers, painters and more for the construction area. Call Joao, tlf. 864-9873.

Agencia de trabalho procura trabalhadores para todas as areas de construção civil carpinteiros, electricistas, armadores de ferro, canalizadores, pedreiros, motoristas pesados, pintores etc. Contato Joao, tel. 864-9873.

## Thorvaldsen Bar

**Thorvaldsenbar**  
Thorvaldsenbar leitar eftir flottu, jákvæðu & duglegu fólki á bar & í sal.  
Þeir sem hafa áhuga hafið samband við Samúel í síma 697 9004 eða á sammi@thorvaldsen.is

**Veitingahús í Kópavogi**  
Íslenskumælandi starfsfólk óskast í kvöld- og helgarvinnu. Æskilegur aldur 30+.  
Upplýsingar í síma 897 4433.

## Ertu sjálfstæður snyrti-fræðingur?

Hæ ertu að leita þér að vinnu þar sem að þú getur þénað vel... unnið sjálfstætt og ráðið þér sjálf í frábærri vinnuaðstöðu.... leitaðu þá ekki lengra því hérna gefst þér frábært tækifæri.. að vinna sem sjálfstæður IPL ráðgjafi.... IPL stendur fyrir intense pulse light... með þessari tækni getum við nú eytt óaeskilegum hárum varanlega.. unnið á acne og rósroða... hrukuvandamálum... örum osfrv... ótrúlega spennandi og árangursrik meðferð í alla staði.....

Hafðu samband ef þú vilt vinna sjálfstætt í síma 892 4284 Hanna Kristín Didríksen.

## ALEFLI

Óskum eftir að ráða bílstjóra á sendibíl. Staðgóð þekking á byggingavörum nauðsynleg. Uppl. hjá Magnúsi í s. 660 4472.

## Aktu Taktu

Aktu Taktu Skúlagötu og Aktu Taktu Garðabæ leitar eftir rösku og heiðarlegu starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Vaktavinna í boði. Skemmtilegt starf á skemmtilegum vinnustað. Atvinnuumsóknir á [www.aktuutaku.is](http://www.aktuutaku.is).

## Tískuvörðslunin Mambó

Óskum eftir traustum og duglegum starfskrafti á aldrinum 25-35 ára, í verslun okkar í Hafnarfirði. Áhugi á tisku og verslunarstörfum er skilyrði, ásamt því að vera tilbúin til að taka að sér ábyrgð í versluninni. Skemmtilegir möguleikar fyrir réttu manneskjuna. Upplýsingar gefur Hafdís í síma 660 1153.

**Atvinna í Hafnarfirði**  
Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Vinnutími frá kl. 13-18. Getur orðið breytilegur.  
Upplýsingar á staðnum. Nýja fatahreinsunin eða í síma 555 2030 & 895 0620.

**Leikskólinn Brekkuborg**  
óskar eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinenda í 100% starf í leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi.  
Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 567 9380

**Okkur vantar hresst starfsfólk í vinnu á Geysi í Haukadál.**  
Tungumálakunnáttá skilyrði. Gisting á svæðinu möguleg. Skemmtileg vinna í skemmtilegu umhverfi.  
Umsóknir sendist á [elm-ar@geysirshops.is](mailto:elm-ar@geysirshops.is) fyrir 23. febrúar n.k.

Ungt fyrirtæki óskar eftir duglegum starfsmönnum, meðeigendum og eða fjárfestum. Tekjuöflun er alfarið háð dugnaði viðkomandi en verulegir möguleikar eru fyrir hendi á ýmsum sviðum. Góð tölvukunnátta nauðsynleg.  
Þeir sem áhuga hefðu á að kynna sér þessi mál, pósthleggi vinsamlegast nauðsynlegar upplýsingar merktar. „Ný sýn.“  
Inn á afgreiðslu Fréttablaðsins fyrir 25.02.2007.

## Næturvörður-Hótel

Hótel í miðborginni óskar eftir að ráða næturvörð. Unnið er í 7 nætur frí í 7. Uppl. gefur hótelstjóri í s. 694 8585

**Kaffihús, Bakarí**  
Bakameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurverji, Glæsibæ óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19 og 07-13. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.  
Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókkareyðublað <http://www.bakameistarinn.is>

INTJOB STARFSMANNALEIGA  
ÚTVEGARI FYRIRTÆKJUM  
ERLENDA IDNVERKAMENN OG VERKAFÓLK

Útvegum m.a.:

- Smíði
- Múra
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbilstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf
- Samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri  
Hafðu samband í síma 517 4530

**INTJOB**  
STARFSMANNALEIGA  
Hagamála 1, 201 Kópavogur; [www.intjob.is](http://www.intjob.is)

**Ræsting**  
Leikskólinn Mariuborg Grafarholti vantar nauðsynlega ræstingu 3 1/2 tími á dag eftir kl. 17.30.  
Uppl. veitir leikskólustjóri í síma 577 1125.

**Flokkstjóri í ræstingum**

ISS Ísland ehf. óskar eftir að ráða í störf flokkstjóra í ræstingum.

Starf flokkstjóra feist m.a. í:

- \*umsjón, undirbúningi og stjórnun á verkstað
- \*ræstingu á verkstað
- \*samskiptum við viðskiptavin
- \*kennslu og þjálfun starfsmanna

Um tvö störf er að ræða og er það á eftirfarandi svæðum:

- Flokkstjóri á heilbrigðisstofnun á svæði 108 þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 16:00. Umsjón með helgarvinnu er í þessu starfi. Vinnuhlutfall 100%.
- Flokkstjóri í skóla á svæði 110 þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 16:00. Vinnuhlutfall 100%

Í starfi flokkstjóra er áhersla lögð á áþard í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilla. Umsækjandi þarf að vera íslenskumælandi.

Upplýsingar veitir Ólöf í síma 5 800 600. Einnig á [www.iss.is](http://www.iss.is)

**ISS ÍSLAND**

**Geysir Bistro Bar**  
Óskar eftir vaktstjóra í sal. Unnið er á vöktum.  
Upplýsingar í síma 517 4300 eða 663 7283, Særún.

**Störf í boði Höfuðborgarsvæði**

Helgarstörf  
Í boði eru nokkur störf aðra hverja heigi við fóst afleysingarstörf og á hjúkrunarheimilum.

Dagvinna, vinnuhlutfall 38%  
Í boði er starf á svæði 108 þar sem vinnutími er 11:00 - 14:00. Starfið feist í umsjón með mótuneyti og frágang í eldhúsi.

Upplýsingar veitir Ólöf í síma 5 800 600. Einnig á [www.iss.is](http://www.iss.is)

**ISS ÍSLAND**

Europris, störf í boði. S. 533 3366. Europris.

## Aupair óskast í Næstved, Danmörku til eins árs

Óskað er eftir manneskju til þess að gæta Alfred (1 árs), sjá um þríf og hjálp við matargerð. Þarf að geta hafið störf um miðjan maí eða byrjun júní. Viðkomandi fær 5.000 DKK á mánuði og eigið herbergi með sjónvarpi. Á heimilinu eru 3 systkini og fjölskyldan hefur áður haft íslenskar stelpur til að gæta eldri sonar síns, Emils. Dönskukennsla 2x í viku. Uppl. sendist á dönsku eða ensku á [lisbeth.borg@mail.dk](mailto:lisbeth.borg@mail.dk)

Kofi Tómasar frænda, Laugavegi 2, óskar eftir duglegum og brosmildum starfsm í dagv. Uppl á staðnum til 15 alla daga.

## Barinn

Fólk í eldhús óskast á hressasta barinn í bænum. S. 690 9996.

## Vanur maður!

Óskum eftir réttlingamanni, bílasmið, næg vinna framundan. Bílasprautun SMS ehf s. 567 1101.

Áreiðanlegan starfsmann vantar til ræstingastarfa. Tilþríf ehf, sími 697 3694, Krissi.

## Atvinna óskast

Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal í eftirtalin störf :  
Smíði, Múra, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbilstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.  
**SAS Starfsmannaleigan.**  
Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

Matreiðslumaður leitar eftir vinnu við matreiðslu eða sambærilegt, er heiðarlegur og traustur, meðmæli til staðar. Áhugasamir sendið email á [kokkur@odr.is](mailto:kokkur@odr.is) - Hlakka til að heyra frá ykkur.

Starfsfólk frá Lettlandi! smidir, verkamenn, vidgerdarmenn, bilstjorar etc. Uppl. í s. 845 7158.

## Viðskiptataækifæri

Húsasmiður getur tekið að sér ýmis verkefni, bæði í tilboðum og tímavinnu. Vinnusími 895 9570.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



## Ýmislegt



## Uppskriftir

Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. [www.matseld.is](http://www.matseld.is)

## Engar skuldir - Hærrí tekjur

Skoðaðu [www.kennsla.com](http://www.kennsla.com) ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærrí tekjur.

## Einkamál

FRÉTTIR ÁR ÖÐRU SAMRANGI

**TANTRA**

EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA OPÍÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD, 12:00 - 18:00 FÁKAFENI 11 HLÍÐASMÁRA 13 SÍMI 588 6969 / 587 6969 WWW.TANTRA.IS

62 ára karlmaður óskar eftir að kynnast konu sem vini sem er á aldrinum 55-65 ára. Er reglusamur og einmanna. Svör sendist á Fréttablaðið fyrir 1. mars. Merkt „Vinur 2007“.

Tvær vinkonur um fimmtugt og sextugt óska eftir dansfélögum á svipuðum aldri. Uppl. sendist FBL merkt „Dans 0622“

## Tantra Erótísk verslun

Opíð í dag konudag frá 13-17. Hlíðarsmára 13 og Fákafen 11.

**Gefðu vatn**

**Hjálparstarf kirkjunnar**  
[www.hjelpur.is](http://www.hjelpur.is)

## Aðalfundur

**Aðalfundur Sparisjóðs vélstjóra (sameinaður sjóður Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar) verður haldinn þriðjudaginn 13. mars kl. 16.00 á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.**

## Fundarefni:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi sparisjóðsins síðastliðið starfsár.
2. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar sparisjóðsins fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sparisjóðsins, ef borist hafa.
5. Kosning sparisjóðsstjórnar.
6. Kosning löggilts endurskoðanda/endurskoðunarskrifstofu.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
8. Önnur mál.

Aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir á fundarstað og hefst afgreiðsla þeirra kl. 15:00.

## Stjórnin

Samruni Sparisjóðs vélstjóra, SPV, og Sparisjóðs Hafnarfjarðar, SPH, var samþykktur samhljóða á fundum stofnfjäreigenda sjóðanna hinn 1. desember 2006.





# Velferðarríkið sinnir illa úthýstum sjúklingum

## UMRÆÐAN

Heilbrigðismál

*Fyrri hluti greinarinnar birtist í Fréttablaðinu föstudaginn 16. febrúar.*

### Rockville og Efri-Brú:

Eitt haustið tók ég eftir því að útígangsmönnum fækkaði mjög á Hlemmi en skrifstofa mín lá gegnt þeim stað. Ég hringdi í Axel Kvaran varðstjóra er sá um fangagæslu og félagsaðstoð við útígangsmenn og spurði, hvar er útígangsfólkið? Axel svaraði, Ólafur, ég veit bara að rónarnir eru horfnir. Ég veit ekki hvar þeir eru! Síðar um daginn hringdi hann og sagði að einhver Guðmundur sem væri útvarpsmaður í útvarpi trúaðra færi um borgina og safnaði saman rónum. Þeir væru hýstir í verksmiðjuhúsi í Hafnarfirði.

Ég fór þangað og þar voru 20-25 útígangsmenn er fengu húsa-skjól, mat og ummönnum með trúarlegu ívafi. Síðan hefur þessi starfsemi verið í m.a. Rockville og á Efri-Brú. Góðir styrkir hafa fengist frá fleiri aðilum, m.a. Herdísi Þorvaldsdóttur leikkonu. Hiklaust má staðhæfa að vistfólki var haldið í sæmilegum holdum með gjöfum frá Bónus. Samkvæmt skýrslu Steinunnar Marteinsdóttur B.A. var 3-5 ára árangur árið 2003 svipaður og á Vog, enda var vistmönnum bent á AA-meðferð. Á Efri-Brú voru sex ungmenni er stunduðu reglulegt nám í Fjölbraut á Selfossi vegna þess að þau höfðu ekki frið til náms á óregluheimilum. Tvö af þeim taka líklega stúdentspróf í vor. Í Rockville var einnig rekinn skóli en þá komu reglulega kennarar frá Fjölbrautaskólanum í Keflavík í heim sókn.

Ég hef reynt að fá lækna, hjúkrunarlið og sálfræðinga til að sinna þessum vistmönnum án árangurs. Reglan var að illa haldnir vistmenn voru látna leita göngudeildar Landspítalans og þeim er vísað var frá var tekið á móti að Efri-Brú. Nú virðast geðlæknar vera jákvæðari og má benda á ágæta grein Bjarna Össurarsonar yfirlæknis í Morgunblaðinu nýlega. En við Magnús Skúlason geðlæknir og heilsugæslan höfum sinnt þessum sjúkl-ingum, ég aðallega með strjálum vitjunum og stöðugum bakvökt-um. Öðrum málum höfum við ekki sinnt hvorki rekstrarlega né eftirliti með 12 spora og trúarlegum athöfnum forstöðumanns. Afeitrun var ekki sinnt á fyrrnefndum stöðum utan einu sinni í vikutíma sem flestum er kunnugt um.

Nú hefur verulega farið úrskeiðis á Efri-Brú og er það mikið reiðarslag en eins og ég hef áður sagt fylgir nokkur áhætta slíkum rekstri. Of miklu fé hefur verið eytt að sögn og meint mjög alvarleg afbrot forstöðumanns gagnvart skjólstæðingum sínum fyrir utan stofnunina voru strax kærð af læknum og stjórnin leysti hann frá störfum. Vistmenn hafa horfið á götuna þaðan sem þeir komu. En málið verður að hafa sinn gang enda lögreglumál. Þó skal þess getið að sá er þetta ritar veit að margar sögusagnir er birtast í jafnvel mætustu fjölmið-um um þetta mál eru hreinar slúð-ursögur, m.a. að tíu konur hafi orðið ófrískar á árunum 2001-2007 eftir starfsmenn á Efri-Brú. Samkvæmt læknskýrslum er hugsanlegt að um eina kona sé að ræða af um 240 konum sem vistuðust þar og við því var brugðist. Þegar

rætt er um starfsmenn í þessu tilliti var um að ræða menn í meðferð sem fengið höfðu ákveðið hlutverk til dæmis hreinsun, eldun og annað (Lækna-skýrsla til landlæknis 2007).

### Niðurlag:

1. Sjúklingar er þjást af afleiðingum langvinnr-ar vímuefnaneyslu (5-15 ár) þarfnast langrar meðferðar, 6-24 mán-aða eða lengri að áliti færustu sérfræðinga en hefur ekki náðst sögum skorts á áhuga ráðamanna og fjármagni.

Nauðsynlegt er að eiga kost á fleiri vel byggðum vistheimilum



ÓLAFUR ÓLAFSSON

og göngudeildum sem vista þessa sjúklinga til lengri dvalar.

Efla þarf SÁÁ starfsemi verulega og göngudeildir geðeilda þarf að stórefla því að vandamálið vex. Heppilegast væri að vistheimili eins og Efri-Brú væri rekið í nánnum tengslum við geðeild Landspítalans.

2. Auk vitjana lækna þurfa að starfa þar sál- og félagsfræðingar ásamt iðjubálfurum og áfengisráðgjöfum. Mjög erfitt er að fá fullstarfandi lækna, hjúkrunarfólk og annað fagfólk til starfa með þessa sjúklinga.

3. Efri-Brú verður nú yfirtekin

af öðru trúfélagi væntanlega undir stjórn Félagsmálaráðuneytis.

4. Í Danmörku sér kirkjan að verulegu leyti um meðferð þessara sjúklinga en í Noregi líknar og trúfélög. Viða í Mið- og Suður-Evrópu og austantjalds ganga þessir sjúklinga til feðra sinna á götum úti.

5. Umræður á þingi benda til þess að lítið hafi áunnist sl. 30-35 ár. Eins og áður eru flestir þingmenn þeirra skoðunar að hið opinbera skuli sjá um þennan rekstur með aðstoð líknarfélaga og eftirlit skuli vera skert með rekstri.

En hið opinbera hefur lagt niður tvær stofnanir nú nýlega. Það eru Gunnarsholt og Vífilsstaðir, á öðrum staðnum er rekin

meðferðarstöð fyrir unga fíkniefnaneytendur. Bylgja góðra áætla-na virðist að mestu hafa runnið út í sandinn.

Meginmálið er að á meðan við erum á því menningarstigi að þola ekki að afls- og sálarvana fólk liggi í skeytingarleysi á götum úti líkt og við sjáum í suðlægari löndum verðum við að veita þessu fólki hjálp enda skylda okkar eins og lög kveða á um. Skýrslur landlæknis sýna að þó að 30-40% langt leiddra vímuefnaneytanda deyi fyrir fertugt ná 30-40% góðri heilsu með meðferð og hinir ná sæmilegri heilsu.

*Höfundur er fyrrverandi landlæknir.*

*Lambakjöt*  
ELDAMENNSKAN ER LAMB AÐ LEIKA VIÐ

Saltkjöt og baunir eru skemmtilegasta matarhefðin sem Íslendingar eiga.

Sprengidagurinn er á morgun, tökum hann með trompi.

Saltkjöt og baunir,  
túkall

www.lambakjot.is ALLIR ELSKA LAMBAKJÖT, MAÐUR

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

PRÓFESSOR ER 54 ÁRA Í DAG

„Sannleikurinn er sá að menntamenn, og þá einkum blaðamenn og kennarar, eru flestir andvígir kapítalisma.“



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 19. FEBRÚAR 1968

Palídómíð-börnin fá bætur

Þennan dag árið 1968 náðust sættir fyrir Hæstarétti í Bretlandi um að 62 börn, sem fæddust vansköpuð eftir að mæður þeirra höfðu tekið inn lyfið palídómíð á meðgöngu, skyldu fá bætur frá lyfjafyrirtækinu sem framleiddi og markaðssetti lyfið þar í landi. Palídómíð-harmleikurinn er eitt af hörmulegustu dæmum um mistök vísindamanna.

Um átta þúsund konur um heim allan, sem tekið höfðu palídómíð til að draga úr morgun-ógleði og róa taugarnar, eignuðust vansköpuð börn. Lyfið var fánlegt í Bretlandi frá árinu 1958 þar til síðla árs 1961 þegar rannsóknir leiddu í ljós að það ylli fósturskaða. Distillers Company (Biochemicals) Ltd. féllst svo í september 1968



á að greiða hverju barni 40 prósent af upphæðinni sem krafist var í bætur fyrir dómi, en krafðist þess á móti að allar ásakanir á hendur fyrirtækinu um vanrækslu yrðu dregnar til baka. Eftir það var samið um bætur í fjölda annarra tilvika. Eftir mikla gagnrýni frá bæði fjölmiðlum og almenningi ákvað fyrirtækið árið 1973 að setja upp sjóð og greiða öllum börnum sem urðu fyrir barðinu á lyfinu úr honum. Opinber rannsókn á málinu sem ítrekað var kallað eftir fór þó aldrei fram. Almennigur leit á þessum tíma á börnin sem fórnarlömb hörmulegs slyss og bjóst við því að þau ættu fyrir höndum stutt og erft líf. Flest hafa börnin hins vegar tekist á við fötlun sína og afsannað slíkar hrakspár.

- MERKISATBURÐIR
- 1885

Bók Marks Twain um Ævintýri Stíkilsberja-Finns kemur út í Bandaríkjunum.
- 1910

20 manns farast í snjóflóði í Hnífsdal. Margir slasast og eignatjón er mikið.
- 1930

Ameríski stjórnufræðingurinn Clyde W. Tombaugh uppgötvar plánetuna Plútó.
- 1964

Jarðskjálfti skekur Asoreyjar í austanverðu Atlantshafi. Skip glíma við miklar öldur við rýmingu San Jorge-eyju.
- 1965

Afríkuríkið Gambia fær sjálfstæði innan Breska samveldisins.
- 1977

Geimskutlan Enterprise, fest ofan á Boeing 747 þotu, fer í jómfrúarflugið yfir Mojave-eyðimörkinni í Bandaríkjunum.

Bjóða nám í hestafræði

BS-nám í hestafræði verður í boði frá og með næsta hausti. Það eru Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli sem standa að námsbrautinni og undirrituðu Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskólans, og Skúli Skúlason, rektor Hólaskóla, samning þessa efnis fyrir helgina.

Þetta er í fyrsta sinn sem tveir háskólar hér á landi sameinast um nám með þessum hætti og bjóða upp á sameiginlega prófgráðu. Við undirritun samningsins sagði Ágúst að ætlunin væri að búa til námsbraut þar sem styrkleikar skólanna tveggja væru nýttir til fulls og íslenski hesturinn fengi þann sess sem honum bæri innan íslensks fræðasamfélags. Þá var skrifað undir rammisamkomulag um frekara samstarf skólanna tveggja.

þo



TEKIST Í HENDUR  
Rektor Landbúnaðarháskólans og rektor Háskóla innsigla samninginn.



ÞÓRHILDUR LÍNDAL Ritstjóri Úlfjótss segir útgáfu tímaritsins hafa verið nokkuð stöðuga frá upphafi. Þórhildur segir jafnframt að tímaritið sé mikið notað í kennslu í lagadeildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

TÍMARIT LAGANEMA VIÐ HÍ: ÚLFLJÓTUR FAGNAR SEXTÍU ÁRA AFMÆLI

Úlfjótur er ómissandi þáttur í starfi lagadeildar

Úlfjótur, tímarit laganema við lögfræðideild Háskóla Íslands, á 60 ára afmæli um þessar mundir. „Fyrsta tölublaðið kom út í lok febrúar 1947,“ sagði Þórhildur Líndal ritstjóri. „Við vitum ekki nákvæmlega á hvaða degi það var. Árshátíðardagur Orators, félags laganema, er sextándi febrúar, og blaðið kom út skömmu eftir hann,“ útskýrði hún. Tímaritið heitir í höfuðið á hinum forna lögsögumanni Úlfjóti, sem jafnframt er talinn vera sá fyrsti. Það er elsta tímarit sem enn er gefið út af nemum við deild í Háskóla Íslands.

Í tilefni af afmælinu verður sérstakt afmælisrit gefið út seint á árinu. „Það verður fjórða tölublaðið í sextugasta

árgangi. Það eru alltaf gefin út fjögur tölublöð á ári,“ sagði Þórhildur. Hún segir útgáfu Úlfjótss hafa verið nokkuð stöðuga frá upphafi, þó einhverjar undantekningar hafi verið þar á. „Tímaritið hefur komið út á hverju ári nema árinu 1951. Það má kannski að einhverju leyti rekja það til þess að þetta var fyrsta árið sem Tímarit lögfræðinga var gefið út. Auk þess var fjárhagurinn dálítið óstöðugur fyrstu árin.“ sagði Þórhildur. Úlfjótur stendur nú fyrir bóksölu í kjallara Lögborgs, og segir Þórhildur þá starfsemi renna styrkum stöðum undir útgáfu blaðsins. Laganemar við Háskóla Íslands greiða félagsgjöld í Orator og fá Úlfjót

fyrir vikið ókeypis. Þórhildur segir fjölmarga lögfræðinga og lögfræðistofur jafnframt vera áskrifendur að tímaritinu. „Ég held það meg segja að allir helstu lögfræðingar landsins kaupi Úlfjót. Það er líka eitt helsta fræðiritið á sviði lögfræði, ásamt Tímariti lögfræðinga,“ sagði Þórhildur. Fræðigreinar og viðtöl skipa stærstan sess í blaðinu.

Þórhildur telur tímaritið vera ómissandi þátt í starfi lagadeildarinnar. „Algjörlega. Það er líka notað mikið í kennslu. Okkur eru settar fyrir ritgerðir sem hafa birst í Úlfjóti,“ sagði hún. „Ég sé lagadeildina varla fyrir mér án Úlfjótss,“ bætti hún við.

sunna@frettabladid.is

+



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**María G. Sigurjónsdóttir**

frá Fosshólum, Furugrund 68,

verður jarðsungen frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 20. febrúar kl. 15.00.

Ingibjörg Bjarnadóttir

Arndís Bjarnadóttir

Einar S. Bjarnason

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Ásmundur Bjarnason

og barnabörn.

Pétur Már Pétursson

Elín Þóra Sverrisdóttir

Páll Guðmundsson

Sigrún Davíðsdóttir

+



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,

**Ingibjargar Helgadóttir**

Álfaskeiði 92, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar LSH fyrir ómetanlegt starf.

Þórður Einarsson

Ragnar Þórðarson

Einar Borg Þórðarson

Jakob Helgi Þórðarson

og ömmustelpur.

Margrét Arngrímsdóttir

Gerður Guðmundsdóttir

15% afsláttur af öllum legsteinum og fylgihlutum



**Englasteinar**

Helluhrauni 10 Hafnarfirði Sími: 565-2566

www.englasteinar.is

Óvenjuleg íþróttamynd

Mynd ársins var valin hjá Bláðaljósmyndarafélagi Íslands um helgina. Árni Torfason ljósmyndari og formaður félagsins átti sigurveyndina sem var að mati dómnefndar bæði óvenjuleg og falleg íþróttamynd. Myndina tók Árni af Sif Pálsdóttur sem varð fyrst íslenskra kvenna Norðurlandameistari í fjölþraut fimleika.

Verðlaun voru veitt í 10 flokkum. Auk Árna fengu þeir Júlíus Sigurjónsson, Þorvaldur Örn Kristmundsson, Kjartan Þorbjörnsson (Golli), Valgarður Gíslason, Hörður Sveinsson, Bragi Þór Jósefsson og Ragnar Axelsson verðlaun.

Tæplega 2.500 myndir bárust og valdi dómnefnd rúmlega 200 myndir úr þeim. Ari Sigvaldason formaður dómnefndar afhenti verðlaunin en Geir H.

**FIMLEIKASTÚLKAR** Mynd ársins var að mati dómnefndar bæði óvenjuleg og falleg. Fimleikakonan Sif Pálsdóttir var myndefni Árna Torfasonar sem tók við verðlaunum fyrir mynd ársins um helgina.

Haarde forsætisráðherra opnaði sýninguna að viðstöddu fjölmenni. Sýning stendur til 18. mars.

Nánari upplýsingar

ásamt myndum og vinningshöfum er að finna á vef Bláðaljósmyndarafélags Íslands: [www.press-photo.is](http://www.press-photo.is)

- rh

FRÁ ATHÖFNINNI Hér má sjá nemendur kennslufræði- og lýðheilsudeildar ásamt forseta deildarinnar, dr. Ingu Dóru Sigfúsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HR

Góður árangur kvenna

Alls 59 nemendur Háskólans í Reykjavík voru á miðvikudag heiðraðir fyrir framúrskarandi námsárangur á síðustu önn.

Þeir komust þar með á Forsetalistann og fengu skólagjöld á yfirstandandi önn felld niður. Á listanum er 31 kona en 28 karlar. Konur voru í meirihluta verðlaunahafa í öllum deildum nema í verkfræðideild, þar voru nírtján karlar verðlaunaðir á móti níu konum.

- kóp



AFMÆLI



**Sigurður Ingi Ásgeirsson** kvikmyndagerðarmaður er 57 ára.



**Helgi Már Arthúrssson** upplýsingafulltrúi er 56 ára.



**Hörður Magnússon** íþróttafréttamaður er 41 árs.

Transgenderfólk:  
Stofnar hagsmunafélag

Transgenderfólk og stuðningsmenn þess stofnuðu á fimmtudag félag innan Samtakanna 78 og með stuðningi þeirra til að berjast fyrir réttindamálum transgenderfólks á Íslandi. Transgenderfólk eru þeir sem telja sig af öðru kyni en líkaminn sýnir. Aðalfundur félagsins verður haldinn í apríl.

Bráðabirgðastjórn félagsins hefur verið skipuð og skipa hana þrjár Önnur. „Við ætlum að setjast saman, finna heppilegt nafn á félagsskapinn og útfæra nánar lög félagsins og stefnuskrá. Á aðalfundi félagsins verður gengið formlega frá öllum lausum endum,“ segir Anna Kristjánsdóttir vélfræðingur sem er ein þriggja kvenna í bráðabirgðastjórn.

- ghs



**STOFNA FÉLAG** Transgenderfólk hefur stofnað hagsmunafélag. Stofnfundurinn verður haldinn í lok apríl og verður nafn félagsins ákveðið þá.

# Sól, sól, skín á mig. Verð, verð, burt með þig.

## Benidorm

Netverð 23. og 30. ágúst og 13. september

### 39.571 kr.

á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja–11ára, ferðist saman. **Innifalið** er flug, gisting í 7 nætur á Buenavista og flugvallarskattar.

Verð á mann miðað við 2 fullorðna 48.875 kr

## Mallorca

Netverð 20. ágúst og 2. september

### 39.307 kr.

á mann miðað við að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja–11ára, ferðist saman. **Innifalið** er flug, gisting í 7 nætur á Pil Lari Playa og flugvallarskattar.

Verð á mann miðað við 2 í stúdíó á Pil Lari Playa 46.293 kr

## Tenerife

Netverð 21. ágúst

### 42.554 kr.

á mann miðað við að 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja–11ára, ferðist saman. **Innifalið** er flug, gisting í 7 nætur á Tropical Playa og flugvallarskattar.

Verð á mann miðað við 2 í stúdíó á Tropical Playa 45.805 kr

## Krít

Netverð 25. ágúst og 7. september

### 43.969 kr.

á mann miðað við að 2 að fullorðnir og 2 börn, 2ja–11ára, ferðist saman. **Innifalið** er flug, gisting í 7 nætur á Skala og flugvallarskattar.

Verð á mann miðað við 2 í íbúð á Skala 49.395 kr

Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Bókaðu strax á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

**PLÚSFERÐIR** — Lágmúla 4 — 105 Reykjavík - Sími 535 2100

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)

## Bolludagur alla leið

- hjá okkur færðu gómsætar fiskibollur.

Ævintýralegar fiskbúðir  
fiskisaga.is

FISKISAGA Hamraborg 14a / Skipholt 70 / Höfðabakka 1 / Nesvegi 100 (Vegamótum) / Sundlaugavegi 12 / Háaleitisbraut 58–60





Beint morgunflug með Primera Air

Það er íslenska flugfélagið JetX sem annast allt leiguflug Primera Air fyrir Heimsferðir á Íslandi og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokka og að sjálfsögðu á íslensku.

Sumar2007

Frá 51.595 kr.

Rhodos



Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuféð 23. eða 30. júní. Les Cocotiers íbúðahótelíð.

Heitasta nýjungin 2007! Margar brottfarir að seljast upp

Frá 29.990 kr.

Montreal - Kanada



Flugsæti með sköttum. Fargjald A. Netverð á mann. Gildir í valdar brottfarir.

Nú kemstu beint til Kanada. Ævintýrlegt sumarfrí!

Frá 49.895 kr.

Króatía



Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjónmeð 2 börn, 2-11 ára, vikuféð 27. maí. Diamant íbúðahótelíð.

Heitasti áfangastaður Evrópu!

Frá 46.095 kr.

Costa del Sol



Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 3 börn, 2-11 ára, vikuféð 20. eða 27. júní. Veramar íbúðahótelíð.

Margar brottfarir að seljast upp

Frá 38.795 kr.

Mallorca



Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuféð 25. maí. Brasília íbúðahótelíð.

Frábærir gististaðir. Margar brottfarir að seljast upp

Frá 39.395 kr.

Fuerteventura



Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuféð 29. maí eða 26. júní. Oasis Dunas íbúðahótelíð.

Fegurstu strendur heims!

Frá 25.890 kr.

Benidorm



Flugsæti til Alicante með sköttum. Gildir í valdar brottfarir. Netverð á mann.

Hvíta ströndin!

Frá 43.895 kr.

Barcelona - Lloret de Mar



Netverð á mann með m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í viku 25. maí á Bolero íbúðahótelinu.

Hjarta Katalóníu!



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

STUÐ MILLI STRÍÐA: Ekki gráta elskan mín þó þig vanti vítamín

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR SPÁIR Í YNGINGARMEÐULIN



Það er alveg hreint merkilegt að til skuli vera hrukkóttar konur. Appelsínuhúðogtannskemmdir ættu líka að heyra sögunni til. Á hverjum degi sjáum við nefnilega fjölmargar auglýsingar í blöðum og sjónvarpi um vörur sem geta útrýmt þessum vandamálum. Kremín og fegrunarmeðulin eru óteljandi og öll eru þau auglýst með vísunum í líffræðilegar rannsóknir eða viðtöl við sérfræðinga. Þetta hljómar allt svo gáfulega og um leið og hugtök eins og Omega 3 og ph-gildi eru notuð í auglýsingunum lætur maður gabbast.

Nýjasta yngingarkremið frá Nivea heitir DNAge. Nafnið læðist inn í undirmeðvitundina. „Þetta krem lagar í manni DNA-ið,“ hugsar maður og skellir kreminu í innkaupakörfuna. Grípur svo með sér hreinsimjólk með fjölvítamínum og ginsengblandað augngel í leiðinni.

Colgate auglýsir nýtt tannkrem með e-vítamíni. Það á að vera allra meina bót. Ég veit ekki hvað er svona gott við þetta e-vítamín en sjálf á ég e-vítamínþetta sturtu-sápu sem gerir nákvæmlega sama gagn og venjuleg vítamínlaus grænsápa. Ég er svo sem enginn líffræðingur en einhvern veginn hélt ég að maður þyrfti helst að innbyrða vítamínin til þess að þau

gerðu gagn. Ef það er nóg að smyrja þeim á húðina hvers vegna hefur þá engum dottið í hug að búa til rakakrem úr þorskalýsi svo maður sleppi við að kyngja þeim viðbjóði?

Ég reyni að láta auglýsingarnar ekki blekkja mig og hef staðist þær að mestu síðan ég asnaðist til þess að kaupa grenningarsokkabuxurnar um árið. Í þeim átti að vera efni sem örvaði húðina og gerði mann mjóan og stinnan á nokkrum dögum. Þær virkuðu að sjálfsögðu ekki. Hins vegar er ég ekki frá því að nýi C-vítamín varasalvinn frá Body Shop geri sitt gagn. Það sakar alla vega ekki að prófa, flensan er víst að ganga og best að vera við öllu búinn.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Leikhúsið er list leikarans

Breski leikhópurinn Cheek by Jowl er meðal gesta Listahátíðar í Reykjavík í vor en þar á bæ hafa menn lengi svermt fyrir þess-um heimsfræga flokki. Hópurinn mun setja upp splunkunýja uppfærslu sína á Cymbeline eftir Shake-speare.

Hið óvenjulega nafn hópsins er sótt í þriðja leikþátt Draums á Jónsmessunótt og vísar það til nándarinnar milli leikaranna, áhorfendanna og textans en um leið er það sterk vísbending um áherslur leikhópsins sem hefur sett upp ófáar Shakespeare-sýningar auk annarra sígildra verka, þar á meðal verk eftir Tsjechov, Racine og Tennessee Williams.

Listrænir stjórnendur og stofn- endur hópsins, leikstjórinn Declan Donnellan og þúsundþjalasmiður- inn Nick Ormerod starfa afar náið saman en undanfarinn aldarfjórð- ung hafa þeir sett upp tæplega þrjátíu leikrit undir merkjum Cheek by Jowl, sýnt þau í yfir þrjú hundruð borgum í fjörutíu lönd- um. Hópurinn er marglofaður og bókaður langt fram í tímann.

Félagar úr hópnum voru stadd- ir hér á landi í undirbúningsleið- angri fyrir stuttu en verkefnis- stjórninn Anna Schmitz útskýrði þá að erfitt væri að lýsa því á hverju íslenskir leikhúsgestir eiga von í vor. „Declan og Nick vinna mikið til upp úr engu,“ segir Anna og áréttar að sýningin sé enn í mótn. Frumsýningin verður í París í byrjun mars en verkið verður for- sýnt í Lúxembúrg litlu áður. „Cymbeline er eitt af síðustu verk- um Shakespeares og líklega eitt það undarlegasta,“ segir hún og



CYMBELINE, EITT ÓVENJULEGASTA LEIKRIT SHAKESPEARES Sýningar Cheek by Jowl hverfast fyrst og fremst um list leikarans. MYND/CHEEK BY JOWL

fleiri hafa látið þess getið að verk- ið sé óvenjulegt og anarkíst. Verk- ið fjallar um ást og yfirnáttúruleg öfl með ágætis skammti af pólitík en þar koma fyrir fyrir illgjörn stjúpá, innrásarher, höfuðlaust lík og heimsókn utan úr geimnum. Ein magnaðasta kvenpersóna Shakespears, Imogen, er aðal- kvenhetja verksins.

„Ég tel að það sé einn af helstu kostum Declans hversu haglega hann greiðir úr þessum flóknu og erfiðu klassisku verkum. Hann sýnir okkur um hvað þau eru í

raun,“ segir Anna.

Declan Donnellan leggur mikið upp úr nánd og góðu samstarfi í leikhópnum sem líkt hefur verið við eina stóra fjölskyldu. Anna áréttar að sérstakt einkenni á sýn- ingum hópsins sé að þær hverfist allar um list leikarans fremur en um texta eða brellur. Declan hefur aukinheldur skrifað bók um leik- húskennningar sínar, The Actor and the Target, sem þegar hefur verið þýdd á grísku, ítölsku og þýsku. Hann er þekktur fyrir að safna góðu fólki í kringum sig og margir leikaranna í Cymbeline hafa unnið oft með honum áður. „Það er samt líka töluvert af nýju leikhúsfólki í hópnum líka, ungt hæfileikafólk sem er kannski rétt að klára leik- listarskólann en það er frábært að fylgjast með þeim starfa með reynsluboltunum,“ segir Anna og bætir því við að hópurinn sé afar spenntur fyrir Íslandsheimsókn- inni.

Cheek by Jowl starfar nú í sam- starfi við Barbican-leikhúsið í London en þangað fer hópurinn að lokinni sýningarferð sinni hér og sýnir verkið út júnímánuð. Á sama tíma er rússnesk sýning Declans og Nick á þremur systurum eftir Tsjechov á leikferðalagi um Bret- land en þeir félagar vinna einnig í samstarfi við leikhús í Moskvu og Sankti Pétursborg.

Nánari upplýsingar um flokk- inn og dagskrá hans er að finna á heimasíðu Listahátíðar, www.lista- hatid.is.

kristrun@frettabladid.is



SPENNANDI TÍMAR FRAM UNÐAN Verkefnisstjórnin Anna Schmitz og Dougie Wilson sviðsstjóri snúa aftur í maí með Shakespeare í farteskinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

16 17 18 19 20 21 22

### Mánudagur

#### ■ ■ SÝNINGAR

10.00 í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum stendur fyrir sýningin **K-þátturinn - Málarinn Jóhannes S. Kjarval** en þar leitast sýningarstjórninn **Einar Garibaldi Eiríksson** við að svipta hulunni af goðsögninni Kjarval og hleypa áhorf- andanum beint að verkum hans. Á sama stað gefur einnig að líta sýn- inguna **Foss** þar sem fjórir listamenn kanna tengsl listar og náttúru.

11.00 Sýningin **Frelsun lítarins / Regard fauve** í Listasafni Íslands geymir úrval af verkum franskra expressjónisma frá upphafi 20. aldar. Sýningunni lýkur um næstu helgi.

11.00 í **Hafnarborg** standa yfir sýningar á verkum **Hrafnhildar Ingu Sigurðardóttur** og **Drafnar Friðfinnsdóttur**. Sýningarnar verða opnar til 4. mars.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Ilmurinn ræddur

Í tilefni af sýningun myndarinnar „Das Parfum“ eða Ilmurinn verður efnt til umræðna um myndina eftir sýningu hennar í Háskólabíói kl. 18 á morgun. Að dagskránni standa Goethe-stofnunin á Íslandi ásamt Sambíóunum en Björn Ægir Norð- fjörð, aðjúnt og umsjónarmaður í kvikmyndafræðum við Háskóla Íslands, mun stýra umræðum.

Myndin byggir á metsölubók Patricks Süskind en sagan fjallar



um ungan franskan morðingja sem er heltekinn af lykt en gefur enga lykt frá sjálfum sér.

### Flagari í framsókn

The Rake's Progress  
IGOR STRAVINSKY

FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY  
fös. 23. feb. - sun. 25. feb. - fös. 2. mars - SÝNINGAR HEFJAST KL. 20

**AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR EFTIR**

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ - Kynningin hefst kl. 19.15

LANDSVIRKJUN

ANDAGIFT FRÁ AMERÍKU  
HÁDEGISTÓNLEIKAR - ÞRIÐJUD. 20. FEB. KL. 12.15  
Ingveldur Ýr Jónsdóttir, mezzósópran, og Kurt Kopecky, píanó.  
Miðaverð kr. 1.000

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudega - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA  
Í 25 ÁR

### BJARNI HAUKUR (HELLISBÚINN) Í GLÆNÝRRI GAMANSÝNINGU

SALA Í FULLUM GANGI Á EFTIRFARANDI SÝNINGAR:  
23/2 ÖRFÁ SÆTI LAUS, 24/2 UPPSELT,  
25/2 ÖRFÁ SÆTI LAUS, 2/3 UPPSELT,  
3/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS, 4/3 ÖRFÁ SÆTI LAUS,  
7/3 LAUS SÆTI.  
9/3, 10/3, 15/3, 17/3, 18/3, 22/3, 23/3, 24/3.  
Allar sýningar hefjast kl. 20 nema 10/3 kl. 15.  
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA!!

Miðasalan í lönd er opin 11.00 til 16:00 virka daga.  
Sími miðasölu er 562 9700.

TP THORSSON  
midi.is

pabbinn.is

### ABBA BABB!

eftir Dr. Gunna

**FRABÆR**  
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJÓÐAR LEIKHÚSIÐ

**Lau. 17. feb kl. 14.00 og 17.00**  
**Sun. 25. feb kl. 17.00**

Miðasala í síma 555 2222  
eða á [www.midi.is](http://www.midi.is)  
[www.abbababb.is](http://www.abbababb.is)

## „DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“

DAGUR VONAR

| ÓFAGRA VERÖLD                                                                                                                                                                                    | DAGUR VONAR                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                            |                                                                                                                                  |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Fim 22/2 kl. 20<br>Fös 9/3 kl. 20                                                                                                                                                                | Fös 23/2 kl. 20 <b>UPPS.</b><br>Fim 1/3 kl. 20 <b>AUKAS.</b><br>Sun 4/3 kl. 20<br>Fös 9/3 kl. 20<br>Fös 16/3 kl. 20                                                                                                                                                                                                                                    | Sun 25/2 kl. 20 <b>UPPS.</b><br>Lau 3/3 kl. 20 <b>UPPS.</b><br>Fim 8/3 kl. 20 <b>UPPS.</b><br>Fim 15/3 kl. 20<br>Lau 24/3 kl. 20 |
| EKKI er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin                                                                                                                                             |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |                                                                                                                                  |
| VILTU FINNA MILLJÓN?                                                                                                                                                                             | LEIKHÚSSPJALL                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |                                                                                                                                  |
